FRÉTTABLAÐIÐ

213. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 10. SEPTEMBER 2018

# Þörf fyrir þrjár Blönduvirkjanir til ársins 2050

**Orkustofnun telur þörf á að virkja sem samsvarar þremur Blönduvirkjunum á næstu þremur áratugum þó að engin ný stóriðja komi til. Orkuskipti í samgöngum og aukin rafnotkun auka eftirspurnina.**

**ORKUMÁL** Á næstu þremur áratugum þarf íslenskt samfélag að byggja sem samsvarar þremur nýjum Blönduvirkjunum til að anna eftirspurn eftir raforku. Þetta kemur fram í nýrri raforkuspá Orkustofnunar sem gildir til ársins 2050.

Í skýrslu Orkustofnunar, sem unnin er á vegum orkuspárnefndar, er fjallað um raforkunotkun til ársins 2050 og spá frá árinu 2015 endurreiknuð út frá nýju gögnum og breyttum forsendum.

Samkvæmt þessari spá mun afhending frá dreifikerfinu aukast um 8 prósent næstu tvö árin og um 80 prósent til loka spátímans sem er 2050. Árleg aukning notkunar er því um 1,8 prósent að meðaltali á ári hverju.

Í heildina eykst því notkunin um rúmlega 2.800 gígavattstundir í orku og um 464 megavött í afli. Til samanburðar er Kárahnjúkavirkjun um 670 megavött. Blönduvirkjun er um 150 megavött og því þarf að byggja um þrjár slíkar virkjanir á næstu 33 árum.

Sigurður H. Magnússon, sérfræðingur hjá Orkustofnun, segir þessa spá ekki gera ráð fyrir því að neinir stórir og orkufrekir aðilar komi inn á markað. Aðeins að haldið verði í við aukna raforkunotkun landsmanna. „Hér erum við aðeins að skoða hvernig raforkukerfið muni líta út á spátímanum miðað við þann iðnað sem fyrir er. Hér gerum við ekki ráð fyrir því að nýir aðilar komi inn með orkufrekan iðnað en það mun þá breyta myndinni talsvert,“ segir Sigurður.

**464**

megavött er áætluð aukning í afli næstu 30 árin.

**2.800**

gígavattstundir er heildaraukning rafnotkunar til ársins 2050 samkvæmt spá.

Í spánni er einnig gert ráð fyrir aukningu í flutningi raforku til gagnavera og tekið tillit til að orkuskipti í samgöngum hafi gengið hraðar fyrir sig en spáð var fyrir þremur árum.

Á næsta aldarfjórðungi munu stjórnvöld þurfa að svara þeirri spurningu hvers konar virkjanir verði reistar. Ein hugmyndin er Búrfellslundurinn svokallaði. Ofan Búrfells áformar Landsvirkjun stærðarinnar hóp vindrafstöðva. Uppsett afl þeirra er um 200 megavött og gætu þær því séð þjóðinni fyrir tæpum helmingi þessa afls sem upp á vantar til ársins 2050.

sveinn@frettabladid.is




Allt um martröðina í Sviss á síðum 2, 16 og 17

## Maður dæmdur í annað sinn fyrir kynferðisbrot gegn börnum sínum

**DÓMSMÁL** Karlmaður á sextugsaldri var í Héraðsdómi Austurlands fyrir rúmum mánuði dæmdur í fjögurra ára fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn dætrum sínum.

Þetta er í annað sinn sem maðurinn er dæmdur fyrir brot gegn börnum sínum en hann var árið 1991 í sakadómi Austur-Skaftafellssýslu dæmdur í tíu mánaða fangelsi fyrir brot gegn elstu dóttur sinni.

Ákæra á hendur manninum var í sjö liðum en hann var sýknaður af þremur þeirra þar sem framburður brotaþola þótti ekki duga til sönnunar gegn eindreginni neitun hans.

Við ákvörðun refsingar var litið til þess að brotin voru framin í skjóli trúnaðartrausts og að um einbeittan brotavilja var að ræða. Dómurinn frá 1991 hafði ekki áhrif á ákvörðunina. – jóe / sjá síðu 6

## Mjótt á munum í þingkosningum

**SVÍÞJÓÐ** Aðeins munar um hálfu prósentustigi á hægri- og vinstriblokkinni í sænskum stjórnmálum að kosningum þar í landi loknum. Vinstriblokkin, sem setið hefur í minnihlutastjórn, var með 40,7 prósent þegar Fréttablaðið fór í prentun og hægriblokkin, Alliansen, var með 40,2 prósent. – jóe / sjá síðu 8

### Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Guðmundur Steingrímsson skrifar um það sem gerir okkur mennsk: vitleysuna. 11

**SPORT** Blikar eru hársbreidd frá 17. Íslandsmeistaratitlinum. 14

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **FASTEIGNIR**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Dale Carnegie



Segðu þína skoðun

Ókeypis kynningartími
11. september

**Ármúli 11, 3. hæð**
**Skráning á dale.is/ungtfolk eða í síma 555 7080**

NUTRILENK
öflugur liðstyrkur



## Veður




Hæg breytileg átt og allvíða skúrir, einkum síðdegis, en rigning á köflum austan til. Hiti 9 til 15 stig að deginum. SJÁ SÍÐU 20

# Haustið kallar



Þó svo að Veðurstofa Íslands flokki septembermánuð ekki sem haustmánuð þá er haustið sannarlega gengið í garð. Haustlitirnir sjást nú víða, þar á meðal í Elliðaárdal þar sem vegfarendur nutu stillunnar í gær. Líffræði haustlitanna er gríðarlega flókin og byggir á mörgum þáttum, þar á meðal litarefnum í plöntum, sólarljósi og innri klukku plantna. Haustið hefst með formlegum hætti á Íslandi í október. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Fékk sekt fyrir að banna hundapiss

**BANDARÍKIN** Maður í borginni New Haven í Bandaríkjunum var á dögunum sektaður um 250 dollara, andvirði um 28 þúsund króna, fyrir að setja upp skilti fyrir utan veitingastað sinn. Fyrir utan veitingastaðinn er blómapottur og höfðu hundar, á göngu með eiganda sínum, þann sið að míga á blómin. Óþrifnaðurinn fór í taugarnar á Duc Nguyen sem rekur víetnamskan veitingastað.

„Hundaeigendur: Ef dýr ykkar mígur í pottinn þá kostar það hvert skipti (Vinsamlegast borgið inni eða skiljið eftir heimilisfang svo við getum goldið líku líkt),“ stóð á skiltinu. Að mati borgaryfirvalda var þetta í andstöðu við reglugerðir og þótti Nguyen valda ónæði með þessu. Því var hann sektaður. Nguyen ætlar með málið lengra. – jóe

## Halda til fyrsta fundar í Genf

**MANNRÉTTINDI** Fulltrúar Íslands í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna sitja sinn fyrsta fund í ráðinu í Genf í dag. Mannréttindastjóri SÞ flytur ráðinu yfirlitsskýrslu en í henni er meðal annars fjalla um ofsóknir gegn Róhingjum.

„Við erum stolt af því trausti sem okkur er sýnt en gerum okkur grein fyrir því að nú hefst verkefnið fyrir alvöru. Það er krefjandi og við viljum leysa það vel af hendi,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra í aðsendri grein í Fréttablaðinu um það sem koma skal á fundarlotunni í Genf. – khn



Guðlaugur Þór Þórðarson

## Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum kynnt í dag

**UMHVERFISMÁL** Aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum verður kynnt í dag. Upphaflega stóð til að kynna áætlunina á vormánuðum.

Samkvæmt upplýsingum frá stjórnarráðinu hefur vinna við áætlunina miðað að því að Ísland geti staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt Parísarsamningnum í loftslagsmálum til ársins 2030.

Um umfangsmikla áætlun er að ræða. Vinna við gerð hennar var leidd af umhverfisráðherra en fulltrúar sex annarra ráðherra koma að verkefninu.

Aðgerðunum sem kynntar verða í dag er ætlað að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi og auka bindingu koldíoxíðs úr andrúmslofti. – khn

# Þetta var óásættanleg frammistaða í Sviss

**Íslenska karlalandsliðið í fótbolta beið sinn stærsta ósigur í 17 ár þegar það tapaði 6-0 fyrir Sviss í Þjóðadeildinni á laugardaginn. Óboðleg úrslit, segir Hörður Magnússon. Hann furðar sig á leikáætlun Íslendinga í leiknum í St. Gallen.**

**FÓTBOLTI** Íslendingum var skellt harkalega niður á jörðina í fyrsta leiknum undir stjórn nýja landsliðsþjálfarans Eriks Hamrén. Sex núll tap fyrir Sviss í fyrsta leiknum í Þjóðadeildinni var niðurstaðan. Þetta er stærsta tap Íslendinga síðan þeir töpuðu 6-0 fyrir Dönum á Parken í október 2001.

„Þetta var óásættanleg frammistaða á allan hátt. Fyrir lið sem spilar á meðal þeirra bestu í Þjóðadeildinni eru þessi úrslit ekki boðleg. Þessi frammistaða hlýtur að vekja menn til umhugsunar,“ segir Hörður Magnússon, íþróttafréttamaður og fyrrverandi landsliðsmaður.

Síðan Ísland tryggði sér sæti á HM með 2-0 sigri á Kósóvó í október í fyrra hefur liðið leikið tólf leiki og aðeins unnið tvo, vináttulandsleiki gegn slöku liði Indónesíu. Jafnteflin eru þrjú og töpin sjö.

„Spilamennskan fram að HM var slök. Mér fannst hún ekkert sérstök á HM en ekkert vond, nema í leiknum gegn Nígeríu,“ segir Hörður. Hann segist hafa óttast að það kæmi bakslag hjá íslenska liðinu eftir velgengni síðustu ára.

„Kannski er erfitt að kveikja neistann hjá leikmönnum aftur. Eftir að hafa komist á EM og í 8-liða úrslit þar og fylgja því eftir með því að vinna mjög erfiðan riðil í undankeppni HM og fara á stærsta sviðið gæti einhver sagt að það væri ekki hægt að gera betur. Strákarnir eru kannski komnir á vegg sem er ekkert óeðlilegt.“

Þrátt fyrir að hafa óttast bakslag segist Hörður ekki hafa búist við afhroðinu sem Ísland beið í St. Gallen.



Birkir Bjarnason náði sér ekki á strik í leiknum í St. Gallen á laugardaginn, ekki frekar en aðrir leikmenn íslenska liðsins sem var kjöldregið. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

> Fyrir lið sem spilar á meðal þeirra bestu í Þjóðadeildinni eru þessi úrslit ekki boðleg. Þessi frammistaða hlýtur að vekja menn til umhugsunar.
>
> Hörður Magnússon, íþróttafréttamaður



„Það er ekki sama hvernig þú tapar leikjum. Uppgjöfin sem var í þessum leik var átakanleg. Ég hef ekki séð svona í langan tíma,“ segir Hörður. „Hvað voru menn að gera í þessum æfingabúðum? Fengu nokkra daga við bestu aðstæður. Og af hverju var engu breytt í hálfleik, þegar staðan var 2-0? Þetta kom mér á óvart og gefur ekki góð fyrirheit.“

Annað kvöld fær Ísland Belgíu, bronsliðið frá HM, í heimsókn. Hörður segir áhugavert að sjá hvaða breytingar Hamrén geri.

„Menn verða að halda einhverjum grunni og það er mikilvægt að menn örvænti ekki og geri hlutina enn verri. Ég held að þetta velti svolítið á því hvernig lykilmenn liðsins bregðast við.“ ingvithor@frettabladid.is


# BRIDS SKÓLINN




**BYRJENDUR** (stig 1) - hefst **1. OKT.** - 8 mán. frá 20-23
**KERFIÐ** (stig 2) - hefst **3. OKT.** - 8 mið. frá 20-23

- **STIG 1** Á byrjendanámskeiði er farið vel yfir leikreglur spilsins og undirstöður hins vinsæla Standard-sagnkerfis. Ekkert mál að mæta ein/einn.
- **STIG 2** Standard-kerfið er í forgrunni á þessu námskeiði, bæði tveggja-manna-tal og ýmsar stöður í sagnbaráttu. Mikið spilað og ekki nauðsynlegt að koma með makker.
- Staður ... Síðumúli 37 í Reykjavík
- Sjá nánar á ... bridge.is
- Upplýsingar og innritun í síma ... 898-5427

# VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA!

**TILBOÐ**

## VERKFÆRAVAGN PRO+ 322 VERKFÆRI

Fastir lyklar, fastir lyklar og skralllyklar
Topplykklasett 1/4" og 1/2"
Topplykklasett 3/8" og skrúfjárn
Hertir 1/2" toppar og 1/2" bitar,
Sexk. Torx og Spline.
Tangir, bítar og splittatangir
Hamar, meitlar úrrek og fl.




vnr IBTGE32203

**194.492** m/vsk
Fullt verð 228.814

**TILBOÐ**

## VERKFÆRASKÁPUR 283 VERKFÆRI

Fastir lyklar, fastir lyklar og skralllyklar
Topplykklasett 1/2"
Topplykklasett 3/8" og skrúfjárn
Torx og Spline.
Tangir, bítar og splittatangir
Hamar, meitlar úrrek og fl.




vnr IBTGT-28305

**161.287** m/vsk
Fullt verð 189.750

**TILBOÐ**

## TOPP OG SKRÚFBITASETT 1/4"

1/4" Drive sexkant toppar
5.5, 6, 7, 8, 10, 11, 12, 13mm
1/4" Bitar Torx
T10, T15, T20, T25, T27, T30, T40
og fleira




vnr IBTGABW4301S

**4.307** m/vsk
Fullt verð 5.743

**TILBOÐ**

## PENNALJÓS

5W COB
230 Lumen
3xAAA




vnr IBTJJAT0405S

**1.843** m/vsk
Fullt verð 2.457

**TILBOÐ**

## 28 HLUTA TOPPLYKLASETT 1/2"

Skrall 36 tanna með læsingu
Toppar: 8,9,10,11,12,13,14,15,16,17,
18,19,21,22,23,24,27,30,32mm
Framlengingar: 5" & 10"
T-Skaft, liður
Framlengingu með LED ljósi



vnr IBTGCAI2802

**8.096** m/vsk
Fullt verð 10.794

**TILBOÐ**

## 96 HLUTA VERKFÆRASETT 1/4" & 1/2"

1/4" toppar, E-toppar, hjöruliður,
skrall og bitahaldarar.
1/2" toppar, torx E-toppar og
fleira.



vnr IBTGCAI9601

**20.565** m/vsk
Fullt verð 27.420

**TILBOÐ**

## GRIPTÖNG 6"



vnr IBTDMAA1A06

**1.037** m/vsk
Fullt verð 1.383

**TILBOÐ**

## SKRALLLYKLASETT PRO

Taupoki
Skralllyklar 8 - 19mm
72 tanna




vnr IBTGPAQ1202

**13.568** m/vsk
Fullt verð 18.091

# Sunnlensk sveitarfélög vilja stöðva skipulagðar ferðir einkafyrirtækja

**FERÐAÞJÓNUSTA** Félag hópferðaleyfishafa telur Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SSS) beita ferðaþjónustufyrirtæki á Suðurlandi ofbeldi. Sveitarfélögin hafa krafið Samgöngustofu um að svipta nokkur hópferðafyrirtæki almennu rekstrarleyfi. Fyrirtækin aka með ferðamenn í útsýnisferðir í Þórsmörk og Landmannalaugar.

SSS byggja kæru sína á því að Vegagerðin geti veitt tilteknum opinberum aðilum, í þessu tilfelli landshlutasamtökum sveitarfélaga, einkarétt á að skipuleggja og sjá um reglubundna farþegaflutninga á tilteknum svæðum. Þar sem þessar ferðir séu skipulagðar telja SSS að um sé að ræða brot á einkarétti.

Óskar Félag hópferðaleyfishafa eftir því að ráðherra samgöngumála stöðvi þessa vegferð SSS. „Um er að ræða fyrirtæki sem sinna mikilvægu þjóðfélagslegu hlutverki við að afla gjaldeyris og skapa um leið atvinnu fyrir fjölda manns við ferðaþjónustu á Suðurlandi,“ segir í bréfi til ráðherra. „Ekki er við umrædd fyrirtæki að sakast vegna slaks gengis Strætó bs. á Suðurlandi og rekstrarvandi þeirra áætlunarflutninga verður ekki leystur með ofbeldi í garð ferðaþjónustufyrirtækja.“ **– sa**



**Sveitarfélögin eru sökuð um ofbeldi í garð fyrirtækjanna.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Hækkuð mörk skattleysis kosta 150 milljarða

**ALÞINGI** Níu af hverjum tíu krónum sem koma í ríkissjóð í formi tekjuskatts eru af fyrstu þrjú hundruð þúsund krónum hvers launamanns, hækka þarf skattleysismörk upp í 106 þúsund krónur til að skattleysismörk atvinnutekna verði 300 þúsund krónur. Þetta kemur fram í svari fjármálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Inga Kristinssonar um lækkun tekjuskatts.

Yrði það gert myndi það rýra tekjur ríkissjóðs um 149 milljarða króna. „Álagning tekjuskatts einstaklinga á tekjur ársins 2017 nam samtals 168,6 milljörðum kr.,“ segir í svari fjármálaráðherra. „Tekjuskattur einstaklinga hefði því rýrnað um 89 prósent.“

Fram undan eru erfiðar kjaraviðræður og líkast til mun skattkerfisbreytingar bera á góma í viðræðunum. **– sa**

FRÉTTABLAÐIÐ
**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

# Dómsmál í vegi uppbyggingar hjúkrunarrýma í Kópavogi

**Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri í Kópavogi, segir afar brýnt að uppbygging 64 hjúkrunarrýma við Boðaþing hefjist sem allra fyrst. Skrifað var undir samkomulag fyrir um tveimur árum en lítið hefur þokast síðan þá. Bæjarstjórinn segir málið eina allsherjar sorgarsögu og bæjarráð gagnrýnir heilbrigðisráðherra.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Bæjarráð Kópavogs gagnrýnir heilbrigðisráðherra harðlega vegna neitunar ráðuneytisins um stækkun hjúkrunarheimilisins við Boðaþing 11 og 13 í bænum. Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri í Kópavogi, segir málið eina allsherjar sorgarsögu.

Tvö ár eru nú síðan skrifað var undir samkomulag um stækkun hjúkrunarheimilis í Boðaþingi. Síðan þá hefur hins vegar ekkert gerst í málinu og eru forsvarsmenn Kópavogsbæjar afar ósáttir við framgang þess.

„Það var skrifað undir með pompi og prakt en síðan hefur sáralítið gerst og þetta er orðið ein sorgarsaga. Staðan er þá núna að Kópavogur er í óásættanlegri stöðu hvað varðar fjölda hjúkrunarrýma miðað við þau sveitarfélög sem við berum okkur saman við,“ segir Ármann.

Hönnunarsamkeppni var haldin fyrir um tveimur árum um hús sem átti að tengjast eldra heimilinu með tengibyggingu. Arkitektar að eldri byggingunni fóru fram á lögbannskröfu á samkeppnina og töldu sig vera í rétti til að teikna hið nýja hús.

„Það verður að taka þetta úr þessum hjólförum að okkar mati og við höfum sagt að við séum tilbúin til að taka þetta verkefni yfir og keyra þetta verkefni í höfn. Við höfum skrifað ráðuneytinu þess efnis og fengum svar nú þar sem beðið er dóms í Landsrétti vegna málsins,“ bætir Ármann við.

Stækkun hjúkrunarheimilisins í Boðaþingi gæti tafist til 2020 vegna dómsmálsins um hver eigi rétt á að teikna bygginguna sem á að hýsa 64 hjúkrunarrými. „Það ófremdarástand sem ríkir í bið eftir hjúkrunarrýmum á höfuðborgarsvæðinu verður að leysa. Hægt væri að hefja framkvæmdir innan 6 mánaða við byggingu hjúkrunarheimilis við Boðaþing ef Kópavogur fengi heimild ráðuneytisins til að taka verkið yfir,“ segir í bókun bæjarráðs Kópavogs um málið.

Í bókuninni segir einnig: „Vegna mikilla tafa við stækkun Boðaþings er nauðsynlegt að grípa strax til aðgerða. Kópavogsbær er tilbúinn, í samstarfi við hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð, að fjölga dagvistunarrýmum fyrir aldraða um 10 sem mun nýtast allt að 25 manns sem eru á biðlista sem telur 135 manns.“

**sveinn@frettabladid.is**



**Miklar tafir hafa orðið á uppbyggingu rúmlega sextíu hjúkrunarrýma við Boðaþing í Kópavogi.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> **Það var skrifað undir með pompi og prakt en síðan hefur sáralítið gerst.**
>
> Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri í Kópavogi



FLOREALIS

## Sefitude — ný meðferð við kvíða og svefntruflunum

Ert þú að fást við svefntruflanir eða kvíða?
Sefitude er viðurkennt jurtalyf unnið úr rót garðabrúðu.
Styttir tímann til að sofna og bætir gæði svefns.

**Notkun** Við vægum kvíða: fullorðnir, 1 tafla á dag allt að 3 á dag. 12–18 ára: 1 tafla á dag allt að 2 á dag.
Við svefntruflunum: fullorðnir og eldri en 12 ára: 1 tafla ½–1 klukkustund fyrir svefn. Ekki ráðlagt börnum yngri en 12 ára, þunguðum konum eða konum með börn á brjósti. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun. Leitið læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir.
Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.




Fæst í öllum helstu apótekum án lyfseðils

florealis.is/sefitude

# Umhverfisvænasta ál í heimi

Íslenskt ál verður sífellt eftirsóttara meðal framleiðenda sem vilja draga úr kolefnisfótspori vöru sinnar. Hvergi í veröldinni er álframleiðsla jafn umhverfisvæn og hér á landi.

Orkan sem álfyrirtæki nota víða um heim er að mestu úr óendurnýjanlegum orkugjöfum eins og kolum og jarðgasi og framleiðslunni fylgir mikil losun gróðurhúsalofttegunda. Á Íslandi losnar allt að tífalt minna af $CO_2$ við orkuframleiðslu. Með grænni orku og framúrskarandi framleiðslutækni leggjum við mikið af mörkum til að minnka losun $CO_2$ á heimsvísu.

**Bein og óbein losun $C0_2$ hjá 15 stærstu álframleiðsluríkjum heims**






**Íslenskt ál um allan heim** | **nordural.is**

# Florence stefnir hraðbyri í átt að austurströnd Bandaríkjanna

**BANDARÍKIN** Hitabeltisstormurinn Florence hefur sótt í sig veðrið undanfarna sólarhringa og er nú flokkaður sem fellibylur. Florence magnaðist mjög í gærmorgun er hún mjakaði sér yfir Atlantshafið og í átt að austurströnd Bandaríkjanna.

Veðurfræðingar telja að vindhraðinn hafi náð um 120 kílómetra hraða á klukkustund þegar Florence var stödd um 1.200 kílómetra suðaustur af Bermúda. Þó erfitt sér að áætla leið Florence næstu daga með nákvæmum hætti er ljóst að fellibylurinn stefnir vestur í átt að meginlandi Bandaríkjanna.

Fellibyljamiðstöð Bandaríkjanna hefur sagt að íbúar á víðfeðmu strandsvæði frá norðurhluta Flórída til Norður-Karólínu ættu að undirbúa sig fyrir meiriháttar skell seinna í þessari viku. Yfirvöld í Karólínuríkjunum báðum hafa hvatt íbúa til að gera viðeigandi ráðstafanir. Neyðarástandi hefur þegar verið lýst yfir í Suður-Karólínu og Georgíu.

„Við nálgumst nú hápunkt fellibyljatímans og við þekkjum vel þá óvissu sem fylgir þessum stormum og það mikla afl sem þeir búa yfir,“ sagði Roy Cooper, ríkisstjóri í Norður-Karólínu, í samtali við fréttaveitu AP. Hann hvatti fólk til að kynna sér helstu leiðir frá strandsvæðum og fylla á bílana sem fyrst svo að hægt verði að yfirgefa svæðin með stuttum fyrirvara.

Þó að Florence sé enn langt frá landi er hún þegar farin að láta á sér kræla við strendur Bermúda og Bandaríkjanna en öldugangur þar er farinn að aukast mjög. – khn



Gervitunglamynd af Florence. Flórída sést uppi til vinstri. MYND/NOAA

# Fjögur ár fyrir brot gegn dætrum sínum

**Karlmaður var fyrir mánuði dæmdur í annað sinn fyrir brot gegn barni sínu. Alls hefur hann hlotið dóm fyrir brot gegn þremur dætrum sínum. Fyrri dómurinn hafði ekki áhrif við ákvörðun refsingar. Sýknaður af þremur ákæruliðum þar sem sök þótti ekki sönnuð.**

**DÓMSMÁL** Kjartan Adolfsson var í Héraðsdómi Austurlands fyrir rúmum mánuði dæmdur í fjögurra ára fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn dætrum sínum og brot gegn nálgunarbanni. Kjartan var sýknaður af hluta ákærunnar þar sem frásögn dóttur hans þótti á köflum ekki nægilega nákvæm og afdráttarlaus. Þetta er í annað sinn sem Kjartan er dæmdur fyrir brot gegn barni sínu en hann var árið 1991 í sakadómi Austur-Skaftafellssýslu dæmdur í tíu mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir brot gegn elstu dóttur sinni.

Atvik þau sem ákært var fyrir áttu sér stað á árunum 2004-2016. Um miðjan síðasta áratug var Kjartan, sem er á sextugsaldri, búsettur í Taílandi. Þar skildi hann við móður stelpnanna og giftist annarri taílenskri konu. Var nýja eiginkonan í fyrra dæmd í tíu mánaða fangelsi, sjö mánuðir voru skilorðsbundnir, fyrir langvarandi ofbeldi gegn stjúpdætrum sínum.

Kjartan var ákærður í sjö liðum, hann neitaði ávallt sök af kynferðisbrotunum og krafðist sýknu. Stjúpmóðir stúlknanna, sem var vitni í málinu, studdi frásögn hans og taldi að stúlkunum væri í nöp við sig og markmið þeirra með kærunni væri að komast yfir fasteign þeirra hjóna.

Rannsókn málsins hófst í byrjun apríl 2016 og sætti Kjartan þá þriggja daga gæsluvarðhaldi með tilliti til rannsóknarhagsmuna. Eftir að það rann sitt skeið var honum gert að sæta nálgunarbanni gagnvart dóttur sinni. Það bann rauf hann þegar hann hitti hana í Smáralind haustið það ár.

Í fyrstu skýrslutöku í apríl sagði eldri stúlkan frá því að Kjartan hefði brotið kynferðislega gegn henni. Mánuði áður hafði hún komið á lögreglustöð og kært ofbeldi stjúpmóður sinnar. Í október 2017 sendi yngri stúlkan tölvupóst á starfsmann barnaverndarnefndar í Hornafirði þar sem hún lýsti brotunum. 31. október í fyrra var Kjartan handtekinn og hefur hann sætt gæsluvarðhaldi síðan.




Dómurinn var kveðinn upp í Héraðsdómi Austurlands fyrir mánuði en birtur á vefnum um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**» Ákæran á hendur Kjartani var í sjö liðum. Fimm vörðuðu kynferðisbrot gegn dætrum hans.**

„Ég man, ég var sofandi og svo allt í einu vakna ég við, hann var, ég fann fyrir því, vont bara, og svo fattaði ég það að pabbi var eitthvað að káfa á mér eða eitthvað, ég man ekki alveg hvað það var og svo daginn eftir sagði hann: „Fyrirgefðu“ og ég lofa að gera þetta aldrei aftur. ... hann sagði bara að hann gæti lent í einhverju slæmu ef ég myndi segja frá,“ sagði eldri stúlkan fyrir dómi.

Ákæra á hendur Kjartani var eins og áður segir í sjö töluliðum. Fjórir þeirra vörðuðu kynferðisbrot gegn eldri dótturinni, tveir brot gegn nálgunarbanni og einn kynferðisbrot gegn yngri dótturinni. Að mati dómsins bar að sýkna hann af þremur liðum.

Við ákvörðun refsingar var litið til þess að brotin voru framin í skjóli trúnaðartrausts og að um einbeittan brotavilja var að ræða. Samkvæmt sakavottorði hafði Kjartan ekki áður brotið af sér þannig að það hefði áhrif á refsingu hans. Frá refsingunni dregst vist í gæsluvarðhaldi.

Að auki var Kjartan dæmdur til að greiða dætrum sínum miskabætur, þeirri eldri 1,5 milljónir en hinni yngri þrjár milljónir króna. Í ljósi þess að hann var sýknaður að hluta var hann dæmdur til að greiða helming sakarkostnaðar, rúmlega 3,8 milljónir króna. Hinn hlutinn fellur á ríkissjóð. **joli@frettabladid.is**

## Ákæra og niðurstaða

**1. tl. I. kafla**
Káf og samræði í allt að tíu skipti gegn eldri dótturinni (A) á heimili þeirra í Taílandi. Dómurinn taldi spurningar rannsakenda leiðandi og frásögn A ekki „eindregna, nákvæma eða afdráttarlausa“. Sýknað þar sem atvik þóttu ekki sönnuð.

**2. tl. I. kafla**
Sýndi A klám, afklæddi hana og strauk kynfæri. A samkvæm sjálfri sér alla tíð og framburður nákvæmur. Sakfellt.

**3. tl. I. kafla**
Káf og samræði þegar A, þá tólf ára, fylgdi með í ferð til að fá endurnýjaða vegabréfsáritun. A fann notaðan smokk þegar hún vaknaði en mundi ekki glöggt eftir öðrum atvikum. Sýknað.

**4. tl. I. kafla**
Þukl á A við þrif í frystihúsi Skinneyjar-Þinganess á Höfn. Framburður skýr og greinargóður. Orð stóð gegn orði og því sýknað.

**5.-6. tl. II. kafla**
Nálgunarbannsbrotin.

**7. tl. III. kafli**
Samræði við yngri dótturina (B), þá sjö til níu ára, í fjórgang í leggöng þegar hún var með í för að endurnýja vegabréfsáritun. Framburður þótti trúverðugur og var að auki studdur gögnum frá sálfræðingum. Dómurinn taldi sannað að um kynferðisbrot hefði verið að ræða en ekki eiginlegt samræði. Sakfellt fyrir önnur kynferðisbrot í tvígang.




# Berst við kerfil með óblandaðri edikssýru

**UMHVERFISMÁL** „Þetta er langtíma verkefni en er ennþá vinnandi vegur, tel ég vera,“ segir Sigurlaug Rósa Jóhannesdóttir á Hvammstanga í áskorun til byggðarráðs Húnaþings vestra um að ráðist verði gegn útbreiðslu kerfils.

„Ekki geyma það að byrja heldur vaða í þetta strax,“ skrifar Sigurlaug sem leggur til að byrjað verði á því að klippa fræin af plöntunum núna í haust og farga þeim.

„Væri ekki hægt að biðja jarðeigendur að passa sínar jarðir og uppræta kerfil,“ skrifar Sigurlaug. „Og svo meðfram vegum þarf að forða fræinu í poka, fyrir vegagerðarslátt, sem verður í byrjun september,“ bætir hún við og kveður upplagt að auglýsa eftir sjálfboðaliðum í verkið.

Sjálf segist Sigurlaug hafa tínt kerfilsfræ í átta stóra poka nú í ágúst og í sjö poka í ágúst árið 2016. „Er að passa Vesturhópið og víðar,“ útskýrir hún.



Kerfill er harðsnúin planta.

Sigurlaug lætur sér ekki nægja að eyða fræjum í baráttu sinni við kerfilinn. Á ungar plöntur segist hún hafa notað óblandaða, 15 prósenta edikssýru og „spreyjað vel og drepið kerfið – en líka grasið, skítt með það,“ segir í áskoruninni.

Ágætlega var tekið í erindi Sigurlaugar í byggðaráði sem kveður skógarkerfil nú að finna víðs vegar í landi sveitarfélagsins sem og á einkalandi. „Dreifing hans er áhyggjuefni og hefur sveitarfélagið ýmislegt gert til að hefta vöxt hans eins og með slætti, úðun og að stinga upp plönturnar,“ bókar byggðarráðið sem skorar á alla sem málið varði „að taka höndum saman og leggja sitt af mörkum til að hindra að þessi jurt nái frekari útbreiðslu í sveitarfélaginu“.

Í samtali við Fréttablaðið undirstrikar Sigurlaug að málið þoli ekki bið. „Mér finnst vera of mikið kæruleysi. Sumir spyrja hvort það sé ekki bara í lagi að taka þetta næsta sumar. Þetta er ekki þannig því það eru milljónir fræja sem sá sér í haust ef þau eru ekki tekin,“ segir Sigurlaug.
**gar@frettabladid.is**

# RISA

# TAX FREE

# DAGAR

## SÍÐASTI DAGURINN

## 6.-10. september

**Taxfree* af öllum fatnaði, öllum skóm, öllum leikföngum, öllum heimilisvörum, öllum F&F fatnaði og öllum snyrtivörum.**

*Taxfree jafngildir 19,36% afslætti.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu.

24
Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP
Meira svona alla daga

# Sænsku blokkirnar tvær hnífjafnar

**Aðeins um hálfu prósentustigi munar á hægri- og vinstriblokkinni eftir þingkosningarnar í Svíþjóð. Leiðtogi Svíþjóðardemókrata skoraði á formann Hægriflokksins í ræðu á kosningavöku.**



Stuðningsmenn Svíþjóðardemókrata fögnuðu þegar úrslitin lágu fyrir þó að þeir hafi ekki flogið jafn hátt og sumar kannanir bentu til. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**SVÍÞJÓÐ** Niðurstöður kosninganna í Svíþjóð benda til þess að erfitt gæti reynst að mynda ríkisstjórn. Þegar eftir átti að telja um fimmtung atkvæða voru blokkirnar tvær, hægri- og vinstriblokkin, nánast hnífjafnar. Svíþjóðardemókratar bæta vel við sig, verða þriðji stærsti flokkurinn á þingi, en nokkuð minna en kannanir höfðu gert ráð fyrir.

Spennan fyrir kosningunum hafði verið mikil og flestir spenntastir yfir því að sjá hve miklu Svíþjóðardemókratar myndu bæta við sig. Svo mikill var áhuginn að um tíma hrundi heimasíða hins opinbera sem sá um að birta upplýsingar um framgang mála.

„Við erum að rannsaka hvað gerðist. Þetta hefur þó engin áhrif á úrslit kosninganna,“ segir Lars Aden Lisinski, upplýsingafulltrúi kjörstjórnar, við sænska ríkissjónvarpið SVT.

Fyrstu útgönguspár sem birtar voru gerðu ráð fyrir því að Jafnaðarmenn, flokkur forsætisráðherrans Stefans Löfven, yrði stærstur með 25,4 prósent atkvæða. Hægriflokkurinn, Moderaterna, var næststærstur með 18,4 prósent og Svíþjóðardemókratar næstir með 16,3 prósent. Útgönguspárnar voru settar í loftið um leið og kjörstöðum var lokað klukkan 20 að sænskum tíma.

Útgönguspárnar reyndust hins vegar ekki alveg réttar. Stóru flokkarnir reyndust fá meira upp úr kjörkössunum sjálfum en spárnar sögðu til um en minni flokkarnir minnkuðu að sama skapi.

Í aðdraganda kosninga var nokkur óvissa um það hvort Græningjar, sem verið höfðu sitjandi minnihlutastjórn innan handar, myndu ná inn manni á þing. Til að ná inn manni á þingið þarf flokkur að fá minnst fjögur prósent atkvæða á landsvísu eða yfir tólf prósent í stöku kjördæmi. Flokkurinn hafði yfirleitt mælst yfir þröskuldinum en í nokkrum könnunum stóð það tæpt. Þegar Fréttablaðið fór í prentun var flokkurinn með 4,5 prósent og virtist ætla að halda sér inni.

Hefðu Græningjar fallið út af þinginu hefði það verið högg fyrir rauðgrænu vinstri. Saman höfðu flokkarnir 40,7 prósent og 144 þingmenn á þeim tíma er blaðið fór í prentun. Hægriblokkin, Alliansen, hafði hálfu prósentustigi og tveimur þingmönnum minna. 175 þingmenn þarf til að mynda meirihluta á þinginu en þar sitja 349 þingmenn. Svíþjóðardemókratar eru því í eiginlegri oddastöðu með sína 63 þingmenn.

„Kæru Svíar. Ég veit hver er sigurvegari þessara kosninga. Það eru Svíþjóðardemókratar,“ sagði Jimmy Åkesson formaður flokksins á kosningavöku hans. Svíþjóðardemókratar hafa undanfarið verið nokkuð einangraðir en annar flokkur hefur fengist til samstarfs við þá vegna umdeildrar stefnu í Evrópu- og innflytjendamálum.



Jimmy Åkesson, formaður Svíþjóðardemókrata.

„Ulf Kristersson [formaður Hægriflokksins], úrslitin liggja fyrir. Hvernig ætlar þú að breyta stjórninni? Munt þú velja Stefan Löfven eða munt þú velja Jimmy Åkesson?“ sagði Åkesson enn fremur.

joli@frettabladid.is

## Kosningarnar nú og síðast

| Rauðgræna blokkin | 2018* | 2014 |
|---|---|---|
| Jafnaðarmenn | 28,3% (100)** | 31,0% (113) |
| Vinstriflokkurinn | 8,0% (28) | 5,7% (21) |
| Græningjar | 4,4% (16) | 6,9% (25) |
| Samtals | 40,7% (144) | 42,6% (159) |
| **Alliansen** | | |
| Hægriflokkurinn | 19,7% (70) | 23,3% (85) |
| Miðflokkurinn | 8,6% (30) | 6,2% (21) |
| Kristilegir demókratar | 6,4% (23) | 4,6% (16) |
| Frjálslyndir | 5,5% (19) | 5,4% (19) |
| Samtals | 40,2% (142) | 39,5% (141) |
| Svíþjóðardemókratar | 17,7% (63) | 12,9% (49) |

*Staðan þegar Fréttablaðið fór í prentun. ** Fjöldi þingmanna innan sviga.




GE bílar, Reykjanesbæ, www.gebilar.is, 420 0400
Bílasalan Bílás, Akranesi, www.bilas.is, 431 2622
Bílasala Akureyrar, Akureyri, www.bilak.is, 461 2533
Bílaverkstæði Austurlands, Egilsstöðum, www.bva.is, 470 5070
IB ehf., Selfossi, www.ib.is, 480 8080
BL söluumboð, Vestmannaeyjum, 481 1313, 862 2516
BL ehf, Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík, 525 8000 / www.bl.is
B|L



**FUNDARÖÐ**
**SAMTAKA ATVINNULÍFSINS 2018**

# TÖLUM SAMAN

Opnir fundir verða haldnir á eftirtöldum stöðum:

**Allir velkomnir – sjáumst!**

| | | |
|---|---|---|
| **Ísafjörður** | miðvikudagur | 12. september kl. 12.00-13.30 |
| **Patreksfjörður** | miðvikudagur | 12. september kl. 16.30-18.00 |
| **Grundarfjörður** | fimmtudagur | 13. september kl. 12.00-13.30 |
| **Vestmannaeyjar** | föstudagur | 21. september kl. 12.00-13.30 |
| **Akureyri** | miðvikudagur | 26. september kl. 12.00-13.30 |
| **Siglufjörður** | miðvikudagur | 26. september kl. 16.30-18.00 |
| **Sauðárkrókur** | fimmtudagur | 27. september kl. 12-13.30 |
| **Egilsstaðir** | miðvikudagur | 3. október kl. 12.00-13.30 |
| **Reyðarfjörður** | miðvikudagur | 3. október kl. 16.30-18.00 |
| **Reykjanesbær** | fimmtudagur | 18. október kl. 12.00-13.30 |
| **Höfn** | miðvikudagur | 24. október kl. 12.00-13.30 |
| **Selfoss** | þriðjudagur | 30. október kl. 12.00-13.30 |
| **Reykjavík** | fimmtudagur | 1. nóvember kl. 8.30-10.00 |



Á næsta ári verður samið um lífskjör Íslendinga í fjölda kjarasamninga. **Eyjólfur Árni Rafnsson** formaður SA, **Halldór Benjamín Þorbergsson** framkvæmdastjóri SA og **Ásdís Kristjánsdóttir** forstöðumaður efnahagssviðs SA rýna í stöðu og horfur á vinnumarkaði og ræða svigrúm til launahækkana næstu árin.

**Nánari upplýsingar og skráning á vef SA**

SA

# Menning án snobbs



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Þegar á reynir sýnir sig iðulega að manneskjan gefst ekki svo auðveldlega upp heldur er hún þrautseig og úrræðagóð. Sennilega er hún mun harðgerðari vera en oft er ætlað. Hún getur lifað án margs og myndi spjara sig þokkalega án menningar og listsköpunar. Fyrir vikið yrði samt öruggglega ekki jafn gaman hjá henni.

Á tyllidögum eru ráðamenn duglegir við að minna á að menningin auðgar líf okkar. Það þarf samt ekkert sérstaklega að minna þjóðina á það, hún veit það mætavel. Íslensk þjóð er ekki kölluð bókaþjóð að ástæðulausu. Einhverjir reyna að hafa af henni þá nafnbót með þeim rökum að bóklestur fari minnkandi. Enn er það þó svo að þjóðin fyllist spenningi fyrir hver jól þegar bækur streyma á markað og þær eru gríðarlega vinsælar í jólapakkann. Það er óneitanlega góðs viti.

Bækur geta breytt lífi fólks. Fjölmargir bera vitni um að bók hafi opnað fyrir þeim nýja heima og breytt lífssýn þeirra. Ekki má svo gleyma tónlistinni sem vekur alls kyns tilfinningar, eins og gleði en líka vissa angurværð. Flestir þekkja af eigin raun að tónlist getur sefað áhyggjur og fært hugarró. Fólk um allan heim veit til dæmis að tónlist Mozarts er hið besta lækningameðal. Myndlist gleður líka óendanlega og vekur lotningu og aðdáun. Einstaklingur getur hrifist svo af málverki að hann stendur nánast dáleiddur fyrir framan það. Leiksýningar og kvikmyndir geta ögrað fyrirframgefnum hugmyndum áhorfandans, sett hluti í nýtt samhengi og einnig fengið hann til að setja sig í spor skáldaðra persóna.

Áhrifamáttur listsköpunar er mikill og nánast ómögulegt er að ofmeta hann. Þess vegna á að vera sjálfsagt mál að hlúa að menningu og efla hana. Stjórnvöld sem sinna ekki því hlutverki eru á villigötum.

Það er hins vegar engin ástæða til að snobba fyrir menningu. Einstaklingur á ekki að þurfa að bugta sig og beygja fyrir því sem hann nær engu sambandi við. Hvort sem það er bók, dans- eða leiksýning, kvikmynd, tónverk eða myndlistarverk sem gagnrýnendur hafa ausið lofi. Það eru ekki helgispjöll þótt einhver segi: Mér finnst þetta ekkert sérstakt! Sömuleiðis á ekki að vera sjálfgefið að gagnrýnandi, sem tekur sig alvarlega og þráir jafnframt að aðrir taki hann jafn alvarlega, fussi yfir Mamma Mia! eða Mary Poppins. Hann á að geta slakað á og losað sig við alvöruþungann. Það er ekkert andmenningarlegt við það. Skemmtun er mikil dásemd og snobbið má ekki kæfa hana.

Menningin er fyrir alla og þá má ekki gleyma yngstu kynslóðunum. Það er alkunna að börn hrífast af leikhúsi og það er upplifun að fylgjast með spenningi þeirra þegar tjaldið er dregið frá og sýningin er að hefjast. Þá er hin barnslega innlifun við völd. Hún mætti oftar taka völdin hjá hinum fullorðnu.

**Áhrifamáttur listsköpunar er mikill og nánast ómögulegt er að ofmeta hann.**

## Halldór




**Framhaldsfundur ÍFR 2018**

ÍÞRÓTTAFÉLAG FATLAÐRA REYKJAVÍK
STOFNAÐ 30. 5. 1974

Framhaldsaðalfundur Íþróttafélags fatlaðra í Reykjavík verður haldinn mánudaginn 17. sept.. 2018 kl. 20.00 í íþróttahúsi félagsins að Hátúni 14.

**Dagskrá:**
1. Framhald aðalfundarstörf
2. Önnur mál

*Stjórnin*

## Frá degi til dags

**Tekjuskatturinn**

**Hækkun tekjuskattleysismarka hvers launamanns í 300 þúsund krónur myndi þýða að tekjur ríkissjóðs myndu rýrna um 150 milljarða. Þetta segir í svari fjármálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Inga Kristinssonar, varaformanns Flokks fólksins. Heildarskatttekjur ríkissjóðs myndu verða um fimmtungi lægri ef af breytingunni yrði. Guðmundi og flokkssystkinum hans virtist lítast mjög vel á þessar tölur því þau samþykktu á landsþingi að skattleysismörk skyldu verða 320 þúsund krónur. Heimildir herma að um leið og ályktunin var samþykkt hafi flokksmenn hafist handa við að brýna niðurskurðarhnífana.**

**Innflytjendurnir**

**Sem kunnugt er kusu Svíar sér nýtt þjóðþing í gær en að auki var kosið í ýmsar sveitarstjórnir. Þar, líkt og hér, geta erlendir ríkisborgarar kosið á sveitarstjórnarstigi að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Margir hafa fylgst með kosningunum og aðdraganda þeirra af áhuga og hafa Svíþjóðardemókratar, sem þekktastir eru fyrir takmarkaða vinsemd í garð innflytjenda, vakið einna mesta athygli. Það vakti því kátínu að fylgjast með óvisindalegri könnun í Facebook-hópi Íslendinga í Svíþjóð þar sem spurt var hvað þeir hefðu nú kosið. Flestir enduðu á því að merkja við Svíþjóðardemókrata.** joli@frettabladid.is

# Stöndum vörð um mannréttindi



Guðlaugur Þór Þórðarson
utanríkisráðherra

Það er af nógu að taka hjá Michelle Bachelet, sem í dag flytur mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna sína fyrstu yfirlitsskýrslu frá því að hún var skipuð mannréttindastjóri Sameinuðu þjóðanna í sumar. Í skýrslu sem nú liggur fyrir ráðinu um ofsóknir stjórnvalda í Mjanmar gegn Róhingjum eru þannig færð rök fyrir því að þar hafi þjóðarmorð og glæpir gegn mannkyni verið framin. Í annarri skýrslu er hernaður stríðandi fylkinga í Jemen talinn jaðra við stríðsglæpi. Einkum eru mannskæðar loftárásir hernaðarbandalags Sádi-Araba gagnrýndar en þær hafa bitnað sérstaklega hart á almennum borgurum.

Fundarlotan sem hefst í mannréttindaráðinu í Genf í dag er sú fyrsta sem fulltrúar okkar sækja síðan Ísland var kjörið til setu í ráðinu í sumar. Við erum stolt af því trausti sem okkur er sýnt en gerum okkur grein fyrir því að nú hefst verkefnið fyrir alvöru. Það er krefjandi og við viljum leysa það vel af hendi. Því legg ég áherslu á samráð innan stjórnarráðsins, viðeigandi stofnana og við Alþingi. Þegar kemur að virðingu fyrir mannréttindum erum við öll í sama liði.

Auk málefna Róhingja og Jemen má vænta þess að ástandið í Sýrlandi, Líbíu, Sómalíu og fleiri ríkjum beri hátt í þessari fundarlotu, sem stendur í þrjár vikur. Þá má gera ráð fyrir umræðu um réttindi frumbyggja sem og réttindi aldraðra, um þvinguð mannshvörf, mansal og réttinn til þróunar, svo fátt eitt sé nefnt.

Ég hef gagnrýnt að í mannréttindaráðinu sitja ríki sem frekar ættu að vera umfjöllunarefni ráðsins en sitja í dómarasætinu. Sádi-Arabía, Venesúela og Filippseyjar hafa gerst sek um alvarleg mannréttindabrot – svo þrjú nærtæk dæmi séu nefnd. Við erum óhrædd við að gagnrýna þau og brýna. Um leið væntum við góðs af samstarfi við ríki í ráðinu sem deila með okkur grundvallarafstöðu til mannréttindamála.

**Það er krefjandi og við viljum leysa það vel af hendi. Því legg ég áherslu á samráð innan stjórnarráðsins, viðeigandi stofnana og við Alþingi.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Allt í messi

**Í DAG**



Guðmundur Steingrímsson

Ein athyglisverðasta fréttin sem ég las í liðinni viku var um tiltekna erfiðleika sem hafa komið upp við þróun sjálfkeyrandi bifreiða. Erfiðleikarnir felast í stuttu máli í því að sjálfkeyrandi bílar keyra of vel. Þeir fylgja öllum umferðarreglum og taka þær mjög bókstaflega. Þeir eru til fullkominnar fyrirmyndar. Mannlegir ökumenn eru hins vegar yfirleitt ekki að öllu leyti til fyrirmyndar, vægast sagt. Þeir leita leiða til að skjóta sér milli bíla, jafnvel þar sem það telst glapræði. Þeir skjóta sér yfir á umferðarljósum rétt eftir að það er komið rautt. Og svo framvegis. Mannskepnan er alltaf að redda sér, sveigja og beygja reglurnar. Ökumenn gera almennt ráð fyrir að hinir ökumennirnir séu eins og þeir hvað þetta varðar. Þannig verður til í umferðinni ákveðið mannlegt, kaótískt flæði, sem sjálfkeyrandi bílar skilja ekki. Niðurstaðan er sú að sjálfkeyrandi bílar eru farnir að valda árekstrum. Mannlegir ökumenn keyra aftan á þá. Löghlýðni tölvunnar og fullkomleiki er óeðlilegur og veldur fáti.

Við þróun gervigreindar almennt skilst mér – eftir upplýsandi spjall við gervigreindarfræðing á göngum Háskólans í Reykjavík einu sinni – að einn meginerfiðleikinn sé einmitt þessi: Hvernig á að búa til tölvu sem er í rugli? Til þess að vera mannleg þarf tölva að geta brotið reglur, geta gert heimskulega hluti í stundarbrjálæði, geta sagt eitthvað án þess að meina það. Geta misskilið og misheppnast. Hún þarf að geta sett sama flugfélagið á hausinn á u.þ.b. 10 ára fresti. Geta tapað 6-0 fyrir Sviss. Síðast þegar ég vissi reyndist þetta verkefni verulegum erfiðleikum bundið. Hvernig býr maður til mannlegan ófullkomleika?

**Stór hluti af því að vera manneskja er að vera vitleysingur.**



## Spegillinn á mannkynið

Kannski finnst lausn á því einhvern daginn. Mér er í raun nokk sama um það. Það sem er athyglisvert við þessi vísindi er spegillinn sem í þeim felst, á mannkynið. Vísindin draga þarna fram úr óvæntri átt órækan vitnisburð um það sem margan hefur grunað, að stór hluti þess að lifa gæfuríku lífi sem manneskja hlýtur að felast í því að kunna að höndla ákveðið magn af vitleysisgangi og lifa með honum.

Stór hluti af því að vera manneskja er að vera vitleysingur. Manneskjur eru breyskar. Þær gera hluti sem þær vilja ekkert endilega gera, í raun og veru. Þær ígrunda ekki allt sem þær segja og gera. Manneskjur kynna sér ekki mál. Þær misskilja endalaust. Ég held að verulega stór hluti mannlegra samskipta snúist um misskilning. Annar skilur orð öðruvísi en hinn. Risastór deilumál geta jafnvel verið þessu marki brennd. Í heimi hins mannlega er í raun allt meira og minna í messi.

Oft er spurt: Mun mannkynið læra af mistökum? Verður mannkynið skynsamara eftir því sem sögunni vindur fram? Þegar maður nálgast svona spurningar eins og tölva er svarið auðvitað já. Hið rökrétta er að maður læri af mistökum. Að maður endurtaki ekki mistök. Hvers vegna ætti maður að endurtaka eitthvað sem var rangt og vitlaust? Maður lærir. Auðvitað verður maður gáfaðri. Ef maður nálgast þessar spurningar eins og manneskja er svarið hins vegar öllu óljósara. Tja, það er ekki gott að segja. Kannski. Líklega ekki.

## Kraftarnir að verki

Ég er enginn svartsýnismaður. Ég tel heiminn að mjög mörgu leyti, og á veigamikinn hátt, vera betri en áður. Margt hefur þróast á góðan veg. Hins vegar er ekki hægt að horfa fram hjá því að veröldin í dag siglir hraðbyri inn í alls konar endurtekningar á hinum fjölbreytilegasta vitleysisgangi. Þjóðernispopúlistar eru að sölsa undir sig völd í Evrópu. Það er góð hugmynd, út frá sögunni, eða hittó. Jafnframt gefur að líta í samtíma okkar stórbrotin dæmi um jafnvel alveg nýja tegund af bjánaskap sem hefur þegar farið yfir öll mörk. Seint eða aldrei verður hægt að þróa gervigreind sem endurspeglar hegðun og gáfnafar Donalds Trump. Ef hann mætti ráða væri hann líklega farinn í stríð við Kanada.

Það þarf ekki að spá lengi í veröldina til að fá það sterklega á tilfinninguna að þrátt fyrir allar framfarir, lærdóma sögunnar, uppgötvanir vísindanna, verður mannkynið alltaf fyrst og fremst þetta: Mannlegt. Ekki tölva. Kexruglað jafnvel. Ekki þarf maður að líta lengi í eigin barm til að upplifa sterkt hina sífelldu viðureign skynseminnar og heimskunnar í sálarlífinu. Svona er að vera til. En hvað er þá til ráða? Jú, maður getur vonað að þrátt fyrir allt séu aðrir kraftar vitleysunni sterkari. Eins og nafnlausi skrifarinn í New York Times orðaði það um ástandið í Hvíta húsinu: Við erum nokkur hér, fullorðið fólk, sem erum að vinna í að bjarga þessu. Með öðrum orðum:

Þetta reddast.






ÚRVAL ÚTSÝN
HEILL HEIMUR
BÍÐUR ÞÍN
ÚRVAL SÉRFERÐA OG SIGLINGA
KRISTJÁN STEINSSON
FARARSTJÓRI
THAILAND 24. FEBRÚAR – 12 DAGAR
NÁTTÚRUPERLAN KRABI
VERÐ FRÁ 279.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.
ICELANDAIR
KRISTJÁN STEINSSON
FARARSTJÓRI
THAILAND 1. NÓVEMBER – 12 DAGAR
BANGKOK & HUA HIN
VERÐ FRÁ 299.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.
ICELANDAIR
FLEIRI FERÐIR Í BOÐI
KRISTÍN TRYGGVADÓTTIR
FARARSTJÓRI
KÚBA 10. NÓVEMBER – 8 DAGAR
SEIÐANDI HAVANA
VERÐ FRÁ 299.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.
ICELANDAIR
MAROKKÓ 13. OKTÓBER - 8 DAGAR
Á KONUNGASLÓÐUM
VERÐ FRÁ 179.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.
SIGLING
ICELANDAIR
VESTUR-KARÍBAHAF 1. MARS – 12 DAGAR
HONDÚRAS, BELIZE, MEXÍKÓ
VERÐ FRÁ 349.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna. FULLT FÆÐI.
MIKIÐ INNIFALIÐ
VILHJÁLMUR GUÐJÓNSSON
FARARSTJÓRI
GUÐMUNDUR ÞORVARÐARSON
FARARSTJÓRI
31. OKTÓBER – 15 DAGAR
SUÐUR–AFRÍKA GARDEN ROUTE
VERÐ FRÁ 489.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna. Nánar í ferðalýsingu
VERÐ ERU BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR OG STAFABRENGL.
INNIFALIÐ Í VERÐI ER FLUG, GISTING, ÍSLENSK FARARSTJÓRN, FLUGVALLASKATTAR, FERÐATASKA OG HANDFARANGUR.
ÚRVAL ÚTSÝN | HLÍÐASMÁRA 19 | 201 KÓPAVOGUR | 585 4000 | UU.IS

ÚRVAL ÚTSÝN

ICELANDAIR

# KOMDU MEÐ Á SKÍÐI

## GLÆNÝR ÁFANGASTAÐUR



BEINT FLUG MEÐ ICELANDAIR

FLUTNINGUR Á SKÍÐABÚNAÐI INNIFALINN


ÍTALÍA

HÁLFT FÆÐI

**MADONNA, ÍTALÍA** 26. JANÚAR – 2. FEBRÚAR

### HOTEL MAJESTIC ★★★★

Staðsett við eina af göngugötunum í Madonna, stutt frá skautasvellinu og Spinale lyftunni. Á hótelinu er heilsulind og snyrtistofa.

VERÐ FRÁ **217.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn með hálfu fæði.
Verð frá 225.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.


ÍTALÍA

**MADONNA, ÍTALÍA** 12.–19. JANÚAR

### RESIDENCE ANTARES ★★★

Mjög vel staðsett íbúðagisting í miðbæ Madonna di Campiglio. Í göngufæri við lyftu og hægt að skíða að hótelinu í lok dags. Í nágrenni við hótelið eru veitingastaðir og skíðabúðir.

VERÐ FRÁ **91.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherb. Verð frá 131.500 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.


NÝR ÁFANGASTAÐUR

AUSTURRÍKI

HÁLFT FÆÐI

**ST. JOHANN TYROL, AUSTURRÍKI** 19.–26. JANÚAR

### CHALET ALPINA TYROL ★★★

Staðsett í miðbæ St. Johann stutt frá verslunum, kaffihúsum og veitingastöðum. Íbúðirnar rúma tvo til sex, þær stærri eru með tveimur svefnherbergjum og tveimur baðherbergjum.

VERÐ FRÁ **153.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð fyrir fjóra.



NÝR ÁFANGASTAÐUR

AUSTURRÍKI

HÁLFT FÆÐI

**ST. JOHANN TYROL, AUSTURRÍKI** 26. JAN. – 2. FEB.

### SPORT HOTEL ★★★★

Staðsett 150 metra frá Harschbichlbahn skíðalyftunni. Á hótelinu er næg afþreying, t.d. innanhúss sundlaug og gufubað. Íbúðirnar rúma tvo til sex.

VERÐ FRÁ **181.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í Junior svítu.
Verð frá 194.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

## FINNUR ÞÚ EKKI FRÍIÐ ÞITT?

LEYFÐU OKKUR AÐ FINNA ÞAÐ FYRIR ÞIG – KÍKTU Í KAFFI!

## NÁNAR Á URVALUTSYN.IS

OG HJÁ FERÐARÁÐGJÖFUM Í SÍMA 585 4000

VERÐ ERU BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR OG STAFABRENGL.

INNIFALIÐ Í VERÐI ER FLUG, GISTING, ÍSLENSK FARARSTJÓRN, FLUGVALLASKATTAR, FERÐATASKA OG HANDFARANGUR.

ÚRVAL ÚTSÝN | HLÍÐASMÁRA 19 | 201 KÓPAVOGUR | 585 4000 | UU.IS

# Níu fingur komnir á bikarinn

Eftir 3-0 sigur í toppslag Pepsi-deildar kvenna á laugardaginn bendir allt til þess að Íslandsmeistaratitillinn fari frá Akureyri og í Kópavoginn. Nýliðarnir eru báðir búnir að bjarga sér en staða Grindvíkinga er svört.

**FÓTBOLTI** Breiðablik er í dauðafæri til að vinna Íslandsmeistaratitilinn í sautjánda sinn eftir 3-0 sigur á Þór/KA í uppgjöri tveggja efstu liða Pepsi-deildar kvenna á laugardaginn. Blikar eru nú með fimm stiga forskot á norðanstúlkur þegar tvær umferðir eru eftir.

Þór/KA vann fyrri leikinn gegn Breiðabliki í sumar sem og báða deildarleiki liðanna í fyrra. Blikar náðu hins vegar fram hefndum á laugardaginn og sigur þeirra var á endanum öruggur.

Fyrsta markið kom á 33. mínútu. Alexandra Jóhannsdóttir skallaði þá boltann í netið eftir fyrirgjöf Ástu Eirar Árnadóttur frá hægri. Gestirnir frá Akureyri vildu fá vítaspyrnu á 66. mínútu þegar boltinn fór í hönd Guðrúnar Arnardóttur en Bríet Bragadóttir dæmdi ekki neitt. Lítil hamingja var með það á varamannabekk Þórs/KA og aðstoðarþjálfarinn Andri Hjörvar Albertsson var rekinn upp í stúku fyrir mótmæli í annað skiptið í sumar.

Þegar tvær mínútur voru til leiksloka skoraði Alexandra sitt annað mark eftir sendingu varamannsins Áslaugar Mundu Gunnlaugsdóttur. Skömmu síðar fékk Bianca Sierra, varnarmaður Þórs/KA, sitt annað gula spjald og þar með rautt. Í uppbótartíma skoraði Agla María Albertsdóttir svo þriðja mark Blika og gulltryggði sigur þeirra. Breiðablik hefur unnið alla átta heimaleiki sína í Pepsi-deildinni með markatölunni 21-2.

Ef Breiðablik vinnur Selfoss í næstu umferð verður liðið meistari, hvernig sem leikur Þórs/KA og Vals á sama tíma fer. Þór/KA verður að vinna Val og treysta á að Selfoss taki stig af Breiðabliki til að eiga möguleika á að verja Íslandsmeistaratitilinn í lokaumferðinni.

**FÓTBOLTI** Kjaftstopp. Ég held að það sé engin betri leið til að lýsa viðbrögðunum eftir leikinn betur en þannig. Þjálfaratíð Eriks Hamrén með íslenska landsliðið hófst með martröð á Kypunpark-vellinum í St. Gallen á laugardaginn þegar heimamenn niðurlægðu Ísland í 6-0 sigri í fyrstu umferð Þjóðadeildar UEFA. Allt sem gat farið úrskeiðis í leiknum virtist gera það og voru landsliðsmennirnir ef til vill örlítið heppnir að ekki fór verr, það voru sem dæmi tvö mörk dæmd af Sviss í leiknum vegna rangstöðu.

### Allar flóðgáttir opnar

Hamrén ákvað að tefla fram leikkerfinu 4-4-2 og lenti Ísland í stökustu vandræðum með leikkerfi Svisslendinga, 4-2-3-1, þar sem þeir nýttu vel aukamanninn á miðjunni. Þeir voru hreyfanlegir og færðu Íslendinga til svo það myndi opnast fyrir liðsfélaga þeirra; það virtist alltaf vera maður laus til að gefa á. Þá voru Svisslendingar duglegir að opna pláss á köntunum fyrir sína öflugu bakverði sem tóku drjúgan þátt í sóknarleiknum.

Tvö mörk frá Steven Zuber og Denis Zakaria í fyrri hálfleik þýddi að Ísland var strax komið í brekku þegar gengið var til búningsklefa. Xherdan Shaqiri bætti við marki í upphafi seinni hálfleiks úr aukaspyrnu og við það virtist allt loft fara úr blöðru Íslands. Á sama tíma efldist lið Sviss og bætti við þremur mörkum, Haris Seferovic komst á blað eftir snyrtileg uppspil áður en Albian Ajeti og Admir Mehmedi skoruðu keimlík mörk.

Aðspurður sagði Shaqiri að leikmenn Sviss hefðu rætt síðasta leik liðanna, 4-4 jafntefli þar sem Ísland kom til baka úr stöðunni 1-4, og rætt um að taka fótinn aldrei af bensíngjöfinni.

„Ég mun aldrei gleyma þeim leik, það var magnað hjá Íslandi og við ræddum það í hálfleik að slaka ekki á. Við vitum hvað Íslendingar geta, þeir eru með gott lið en voru án nokkurra lykilmanna og áttu ekki sinn besta dag í dag. Af okkar hálfu var þetta fullkominn leikur og þegar við spilum svona er erfitt að eiga við okkur.“

### Létum þá líta vel út

Það var niðurlútur Erik Hamrén sem mætti á blaðamannafund eftir leik og byrjaði hann á að biðjast afsökunar.

„Ég vil bara byrja á að biðja Íslendinga afsökunar á þessari frammistöðu. Við þurftum að eiga góða frammistöðu til að eiga möguleika gegn virkilega góðu liði en spilamennskan var afskaplega léleg. Þeir léku vel en okkur tókst sérstaklega vel að láta þá líta vel út,“ sagði Hamrén og hélt áfram:

„Þegar þeir skoruðu þriðja markið úr aukaspyrnunni í upphafi seinni hálfleiks, þá fór allt til fjandans. Við misstum allt skipulag, misstum trúna og í raun allt bara. Það er mín ábyrgð sem þjálfari að fá leikmennina til að trúa á sig á ný eftir að hafa lent 0-3 undir.“

Það er ljóst að spjótin beinast að einhverju leyti að Hamrén strax, þetta var ein slakasta frammistaða liðsins í mörg ár. Strax heyrðust raddir á samfélagsmiðlum um að það ætti að reka hann en honum til varnar fékk hann stuttan tíma og var liðið án fimm leikmanna sem hefðu líklegast byrjað þennan leik.

### Vantaði hálft liðið

Fyrirliðinn og afmælisbarnið á leikdeginum, Gylfi Þór Sigurðsson, var skiljanlega niðurlútur í leikslok.

„Þetta var mjög döpur frammistaða. Það vantar hálft liðið og eins erfitt og það er að segja það, þá er hópurinn okkar ekki það stór að við getum mætt jafn sterku liði án fimm leikmanna sem myndu byrja og sækja úrslit.“

**Ég vil bara byrja á að biðja Íslendinga afsökunar á þessari frammistöðu.**

Erik Hamrén, landsliðsþjálfari



**SVISS 6 – 0 ÍSLAND**

**1-0** Steven Zuber (13.), **2-0** Denis Zakaria (23.), **3-0** Xherdan Shaqiri (53.), **4-0** Haris Seferovic (67.), **5-0** Albian Ajeti (71.), **6-0** Admir Mehmedi (82.).

**Skot** (á mark): 20 (9)–3 (1). **Horn**: 4-1. **Rangstöður**: 7-0.

| Frammistaða Íslands (4-4-2) | |
|---|---|
| Hannes Þór Hallórsson | 2 |
| Birkir Már Sævarsson | 2 |
| Sverrir Ingi Ingason | 2 |
| Ragnar Sigurðsson | 2 |
| Ari Freyr Skúlason | 2 |
| Rúrik Gíslason | 2 |
| (74. Rúnar Már Sigurjónsson | -) |
| Gylfi Þór Sigurðsson | 4 |
| Guðlaugur Victor Pálsson | 2 |
| Birkir Bjarnason | 2 |
| (65. Theodór Elmar Bjarnason | 3) |
| Jón Daði Böðvarsson | 4 |
| Björn Bergmann Sigurðarson | 2 |
| (60. Viðar Örn Kjartansson | 3) |

**Maður leiksins:**
**Gylfi Þór Sigurðsson**



Gylfi átti alls ekki góðan leik á 29 ára afmælisdaginn og hefur oftast spilað betur í íslenska landsliðsbúningnum. Hann var samt skástur í hræðilega slöku íslensku liði. Átti nokkra ágæta spretti og skilaði boltanum nokkuð vel frá sér. Getur þó miklu betur eins og allir leikmenn íslenska liðsins.

**17**

**ár eru síðan Ísland tapaði jafn stórt í landsleik. Íslendingar töpuðu þá 6-0 fyrir Dönum á Parken í undankeppni EM 6. október 2001.**

**Þetta var versta byrjun landsliðsþjálfara Íslands síðan 1996. Þá töpuðu Íslendingar 7-1 fyrir Slóvenum í fyrsta leiknum undir stjórn Loga Ólafssonar.**

# Seinasti hálftíminn eins og martröð

**Hannes Þór Halldórsson segir að spilamennska liðsins hafi hrunið eftir þriðja mark Sviss gegn Íslandi um helgina. Segir hann þetta verstu stund ferilsins og afar niðurlægjandi hvernig Sviss lék sér að Íslandi. Hannes segir stoltið sært og á von á gagnrýnisröddum.**



Hannes Þór Halldórsson kom engum vörnum við þegar Denis Zakaria kom Sviss í 2-0 á 23. mínútu. Hann fékk á sig sex mörk í fyrradag. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**FÓTBOLTI** Hannes Þór Halldórsson, markvörður landsliðsins, var skiljanlega niðurlútur eftir 6-0 tap gegn Sviss á laugardaginn. Hannes átti erfiðan dag eins og allt liðið en gat lítið gert í mörkum heimamanna sem virtust vera með öll svörin við leik Íslands.

Hannes tekur undir að spilamennskan hafi einfaldlega verið ólík því sem Ísland hefur vanist undanfarin ár. Skipulag liðsins undir stjórn Heimis Hallgrímssonar sem fylgdist vandlega með leiknum úr stúkunni ásamt Helga Kolviðssyni, fyrrverandi aðstoðarþjálfara, virtist fokið út og átti Sviss alltaf lausnir. Alltaf tókst leikmönnum þeirra að finna pláss til að hlaupa í og draga Íslendingana úr stöðu.

„Það er hárrétt að þetta var afar ólíkt því sem við höfum verið að gera, einhverra hluta vegna,“ sagði Hannes eftir leik.

„Fyrri hálfleikurinn var svona eðlilegur lélegur leikur hjá okkur, öðru hvoru gerist það að við eigum slaka hálfleiki, náum ekki að spila á okkar getu. Þeir leiddu 2-0 í hálfleik og voru betri en við framan af en við þriðja markið hrynur allt saman. Seinni hálfleikurinn var skelfilegur.“

Hann segist hafa lent í slíkum aðstæðum áður.

„Ég hef lent í þessu áður á ferlinum þar sem allt fer úrskeiðis, spilað í fínu fótboltaliði en það gerist eitthvað inni á vellinum. Hlutirnir smella hjá andstæðingnum og liðið manns hrynur. Ég lenti í þessu með KR í Finnlandi á sínum tíma, töpuðum 7-0. Það var hingað til versta minning ferilsins en þetta tap er lágpunktur ferilsins,“ segir Hannes sem finnst niðurlægjandi að sjá svissneska liðið leika sér að því íslenska.

„Þetta var niðurlægjandi, að spila í 30-35 mínútur þar sem andstæðingurinn er einfaldlega að valta yfir þig og við virtumst ekki geta gert neitt til að stöðva hann. Síðasti hálftíminn var eins og martröð hjá okkur, þeir voru frábærir en við vorum alveg hrikalegir. “

Ísland hefur stuttan tíma til að fara yfir hvað fór úrskeiðis, fram undan er leikur gegn bronsliði Belga frá HM á Laugardalsvelli á morgun.

„Svona hlutir gerast í fótbolta, góð lið hafa lent í því að fá skell og það er undir okkur komið að einangra þennan leik og halda áfram. Hausinn upp, kassann út og mæta í næsta leik með glampa í augunum og klárir í þann slag.“

Hann segir að stoltið sé sært eftir slíka útreið.

„Þetta var einstakt tilvik sem við megum ekki láta gerast aftur. Við verðum að sjá til þess því það gerist ekki sjálfkrafa. Við erum bara að spila við frábærar þjóðir og við vorum niðurlægðir í dag. Stoltið er sært eftir þennan leik,“ segir Hannes svekktur og á von á gagnrýnisröddum.

„Við verðum auðvitað hakkaðir í spað eftir þessa frammistöðu en við þurfum stuðning til að vinna úr þessu. Við þurfum stuðning til að rífa okkur í gang og halda áfram á þessari vegferð sem við erum á.“

**kristinnpall@frettabladid.is**






## Merkisatburðir



**422** Selestínus I verður páfi.

**1908** Fyrstu almennu leynilegar kosningar til Alþingis eru haldnar. Áður hafði verið kosið í heyranda hljóði. Þátttaka stórjókst og fór í 75,5 prósent.

**1908** Bann við innflutningi áfengis er samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu og gekk bannið í gildi 1. janúar 1912. Framleiðslubann gekk svo í gildi þremur árum síðar.

**1911** Minnisvarði eftir Einar Jónsson um Jón Sigurðsson er afhjúpaður framan við Stjórnarráðshúsið í Reykjavík. Síðar var styttan flutt á Austurvöll.

**1942** Þýsk orrustuflugvél gerir árás á tvo bæi á Breiðdalsvík og á fimm báta úti fyrir Austurlandi. Skemmdir verða á húsum, en fólk sleppur án meiðsla.

**1950** Í Hellisgerði í Hafnarfirði er afhjúpaður minnisvarði um Bjarna Sívertsen riddara, sem hóf verslun í Hafnarfirði 1793 og hefur verið nefndur faðir staðarins.

**1960** Samtök hernámsandstæðinga eru stofnuð.

**1977** Síðasta aftaka með fallöxi fer fram í Frakklandi.

**2006** Michael Schumacher, sjöfaldur heimsmeistari í Formúlu 1, tilkynnir að hann muni hætta keppni í Formúlu 1 í lok ársins.



†

**Ingibjörg Friðrika Helgadóttir**

frá Jarðbrú í Svarfaðardal

andaðist á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Hlíð 6. september 2018. Hún verður jarðsungin frá Dalvíkurkirkju föstudaginn 14. september klukkan 13.30.

**Atli Rúnar Halldórsson** — **Guðrún Helgadóttir**
**Jón Baldvin Halldórsson** — **Svanhildur Á. Árnadóttir**
**Helgi Már Halldórsson** — **Regína Rögnvaldsdóttir**
**Óskar Þór Halldórsson** — **Lovísa Jónsdóttir**
**Jóhann Ólafur Halldórsson** — **Katrín Úlfarsdóttir**
**Inga Dóra Halldórsdóttir** — **Páll S. Brynjarsson**
**börn, barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5407.



**Hrafn Jökulsson, forseti Hróksins. Félagsskapurinn hefur staðið fyrir ýmsum uppákomum í gegnum tíðina.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Hrókurinn fagnar 20 árum með stórmóti í Ráðhúsinu

**Hrókurinn fagnar 20 ára afmæli með hátíð í litlu þorpi á Grænlandi og með skákhátíð í Ráðhúsi Reykjavíkur þar sem forsætisráðherra leikur fyrsta leik. Hrókurinn hefur ýtt undir landnám skáklistarinnar á Grænlandi og vakið áhuga ungmenna á íþróttinni.**

Um þessari mundir eru 20 ár liðin frá stofnun skákfélagsins Hróksins. Á þessum árum hafa Hróksliðar að mestu einbeitt sér að útbreiðslu skáklistarinnar á Íslandi og Grænlandi, þar sem skáklandnám Hróksins hófst árið 2003.

Keppnisskapið var sannarlega mikið hjá Hróksliðum í upphafi. Yfirlýst markmið félagsins við stofnun var að senda lið til keppni í 4. deild Íslandsmóts skákfélaga og vinna sig rakleitt á toppinn á minnsta mögulega tíma. Það hafðist og varð Hrókurinn Íslandsmeistari skákfélaga árin 2002, 2003 og 2004.

Á undanförnum árum hefur Hrókurinn farið í þúsundir heimsókna í skóla um allt land þar sem skákbókinni Skák og mát hefur verið dreift til fimm árganga þriðjubekkinga. Alls eru þetta 25 þúsund eintök.

„Í gegnum 20 ára sögu hefur Hrókurinn heimsótt öll sveitarfélög á Íslandi og staðið fyrir ótal viðburðum, jafnt í skólum, athvörfum, fangelsum, sjúkrahúsum, dvalarheimilum aldraðra og víðar, undir kjörorðum félagsins: Við erum ein fjölskylda," segir í fréttatilkynningu frá Hróknum í tilefni 20 ára afmælisins.



**Hrókurinn hefur staðið fyrir skáklandnámi á Grænlandi** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Tuttugu ára afmæli Hróksins verður fagnað með margvíslegum hætti. Á miðvikudaginn hefst hátíð í Kullorsuq, sem er 450 manna bær á norðvesturströnd Grænlands. Með í för verða sirkuslistamenn og skákkennari.

Dagana 14. og 15. september verður afmælishátíð Hróksins haldin í Ráðhúsi Reykjavíkur. Heiðursgestur mótsins er stórmeistarinn Regina Pokorna, sem tefldi með sigursælum sveitum Hróksins á sínum tíma.

Dóra Björt Guðjónsdóttir, forseti borgarstjórnar, flytur setningarávarp mótsins og Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra leikur fyrsta leikinn.

**kjartanh@frettabladid.is**

ÞETTA GERÐIST: 10. SEPTEMBER 1942

## Fiskibátar í skothríð

Þýsk sprengjuflugvél skaut á tvo sveitabæi á Breiðdalsvík og að fimm vélbátum úti fyrir Austurlandi á þessum degi fyrir 56 árum. Þjóðverjar höfðu lýst yfir að þeir teldu sér heimilt að ráðast að íslenskum skipum því þau væru í þjónustu Bandamanna, þar sem Ísland væri hersetið af þeim.

Að morgni 10. september birtist sprengjuflugvél yfir fimm litlum vélbátum sem voru að veiðum úti fyrir Austurlandi og réðst umsvifalaust að þeim með vélbyssuskothríð. Einn bátanna varð fyrir sex skotum og urðu nokkrar skemmdir um borð en menn sakaði ekki. Þá reyndi þýska vélin að varpa sprengju á einn vélbátanna, en hitti ekki og hvarf þá á braut.

Þýskar sprengjuflugvélar héldu áfram árásum á íslensk skip þetta ár, án þess að þær hefðu hernaðarlega þýðingu.

# iPhone viðgerðir




facebook.com/biladursimi

7807459

www.biladursimi.com

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Mánudagur

Hæg breytileg átt og allvíða skúrir, einkum síðdegis, en rigning á köflum austan til. Hiti 9 til 15 stig að deginum. Áfram hægur vindur á morgun, væta í öllum landshlutum, einkum síðdegis, og kólnar í veðri.




## Þriðjudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 8° | 7° | 8° |
| → 8 | → 2 | ↘ 3 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 9° | 11° | 5° |
| ↘ 3 | ↘ 9 | → 4 |

## Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 8° | 6° | 7° |
| ↖ 8 | ↖ 2 | ↗ 3 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 7° | 6° | 3° |
| ↑ 2 | ← 6 | ↑ 8 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | | | 2 | 8 | | 6 | 1 |
| | | | | | | | 2 | 5 |
| 9 | | 3 | | | | | 7 | 8 |
| 7 | | | | 8 | 2 | | | 6 |
| | | 5 | 3 | | | | 8 | |
| | 6 | | | 5 | 7 | | | |
| 8 | | | | 4 | | | 9 | |
| 1 | | | | | | | | |
| | 3 | 6 | | 1 | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | | 3 | 7 | | | 8 | |
| 4 | | | 5 | 8 | 9 | | | |
| | | 2 | 1 | | | | | |
| | 4 | | | 9 | | | 1 | |
| 9 | | | | 2 | 1 | | | 6 |
| 1 | | 5 | | | 8 | 7 | | |
| | | 9 | | 4 | | | | 7 |
| | | | | | 6 | 1 | | 3 |
| | | 6 | | | | 9 | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | | 7 | 5 | | | | |
| | | | | | 8 | | 1 | |
| | | | | | 3 | | | |
| | 9 | | | | 7 | | 2 | 8 |
| 2 | 6 | | 4 | | | | | |
| 8 | | | 2 | | | | 3 | |
| | | | 3 | | | 7 | | 5 |
| 4 | | 1 | 6 | | | | 9 | |
| | | 6 | | 9 | | 1 | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 7 | 2 | 5 | 8 | 4 | 6 | 9 |
| 8 | 2 | 4 | 9 | 1 | 6 | 7 | 3 | 5 |
| 6 | 9 | 5 | 7 | 3 | 4 | 2 | 1 | 8 |
| 5 | 7 | 9 | 3 | 8 | 1 | 6 | 2 | 4 |
| 4 | 6 | 1 | 5 | 2 | 9 | 3 | 8 | 7 |
| 2 | 8 | 3 | 4 | 6 | 7 | 9 | 5 | 1 |
| 7 | 5 | 6 | 1 | 9 | 2 | 8 | 4 | 3 |
| 9 | 3 | 8 | 6 | 4 | 5 | 1 | 7 | 2 |
| 1 | 4 | 2 | 8 | 7 | 3 | 5 | 9 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 9 | 5 | 7 | 1 | 6 | 8 | 3 |
| 5 | 1 | 3 | 8 | 9 | 6 | 7 | 2 | 4 |
| 8 | 6 | 7 | 2 | 3 | 4 | 9 | 1 | 5 |
| 9 | 4 | 2 | 3 | 8 | 7 | 1 | 5 | 6 |
| 1 | 3 | 6 | 4 | 5 | 9 | 2 | 7 | 8 |
| 7 | 5 | 8 | 6 | 1 | 2 | 3 | 4 | 9 |
| 2 | 8 | 4 | 1 | 6 | 3 | 5 | 9 | 7 |
| 3 | 7 | 1 | 9 | 4 | 5 | 8 | 6 | 2 |
| 6 | 9 | 5 | 7 | 2 | 8 | 4 | 3 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 7 | 2 | 9 | 1 | 3 | 6 | 8 | 4 |
| 1 | 3 | 6 | 4 | 5 | 8 | 7 | 9 | 2 |
| 8 | 4 | 9 | 6 | 2 | 7 | 1 | 3 | 5 |
| 6 | 5 | 4 | 1 | 7 | 9 | 8 | 2 | 3 |
| 3 | 1 | 8 | 5 | 6 | 2 | 9 | 4 | 7 |
| 9 | 2 | 7 | 3 | 8 | 4 | 5 | 6 | 1 |
| 4 | 6 | 3 | 7 | 9 | 5 | 2 | 1 | 8 |
| 2 | 9 | 5 | 8 | 4 | 1 | 3 | 7 | 6 |
| 7 | 8 | 1 | 2 | 3 | 6 | 4 | 5 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. særa
5. hundur
6. tveir eins
8. klaufska
10. kyrrð
11. stormur
12. samstæða
13. mynni
15. vín
17. fangi

**LÓÐRÉTT**
1. lífsspursmál
2. mælieining
3. keyra
4. gagn
7. fitlari
9. steppa
12. kapp
14. hækkar
16. píla

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1. skaða, 5. tík, 6. ff, 8. ólagni, 10. ró, 11. rok, 12. sett, 13. árós, 15. líkjör, 17. snari. **LÓÐRÉTT:** 1. stórmál, 2. kíló, 3. aka, 4. afnot, 7. fiktari, 9. gresja, 12. sókn, 14. rís, 16. ör.

## Skák

Gunnar Björnsson

Woda átti leik gegn Bucholz í Poznan árið 1992.



**Svartur á leik**
**1...Hf1+! 2. Kxf1 Bxg2+ 3. Dxg2 De1# 0-1.**
Hörðuvallaskóli varð í gær Norðurlandameistari grunnskólasveita. Sveitin hlaut 17½ vinning af 20 mögulegum. Glæsilegur árangur. Nánar má lesa um mótið á skak.is.
**www.skak.is:** Meistaramót Hugins hófst í kvöld.






## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Hvað? Hvenær? Hvar?
# Mánudagur

hvar@frettabladid.is

## 10. SEPTEMBER

### Námskeið

**Hvað?** Meðgöngujóga
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Dans og Jóga Hjartastöðin Skútuvogi 13a
Dans og Jóga Hjartastöðin ætlar að bjóða upp á fría viku í meðgöngujóga. Á meðgöngunni er dásamlegt að koma í notalegt umhverfi og fá að anda, njóta og slaka í jóga.
Tímar sem eru í boði:
Mánudaginn 10. september
kl. 12.00-13.15 og 17.30-18.45
Miðvikudaginn 12. september
kl. 17.30-18.45
Fimmtudaginn 13. september
kl. 12.00-13.15

**Hvað?** Hermannanámskeið
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Hjálpræðishernum, Álfabakka 12
Finnur þú fyrir löngun til að vita meira um það hvað felst í því að gerast hermaður í Hjálpræðishernum? Við ætlum í fimm mánudaga í haust að komast að því hvað felst í því. Engin skuldbinding er falin í því að vera með. Ef þú ert forvitin/n, komdu þá og vertu með!

**Hvað?** Eiturefnasúpa – hvernig getum við unnið á móti henni?
**Hvenær?** 18.30
**Hvar?** Skipholti 33, Jurtaapóteki
Við búum í umhverfi þar sem við erum oftast umvafin eiturefnum frá húsgögnum, fötum, mat og mörgu öðru. Við viljum kenna ykkur að forðast þessi efni og sérstakleg kenna ykkur að hreinsa loftið á heimilum ykkar og líkama ykkar. Til dæmis hvernig á að hreinsa plastefni, plöntueitur, kvikasilfur og önnur efni úr líkama. Hægt er að nota ýmsar leiðir til að hreinsa loftið og einnig til að hreinsa líkamann. Verð: 2.500 krónur, gögn innifalin.

### Viðburðir

**Hvað?** Mánudagsklúbbur Borðhalds á Coocoo's Nest
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Grandagarði 23
Á mánudögum á The Coocoo's Nest ætlar Borðhald að bjóða upp á það nýjasta og besta sem gerist í náttúruvínum og fá í samstarf við sig unga og efnilega kokka til að para rétti við vínin. Stakur réttur kostar 2.000 kr. og stakt vínglas kostar 1.600 kr. Þörun er svo á 3.000 og 4 rétta smakk á 10.000 kr.

**Hvað?** Kyrrðarstund
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Dómkirkju Reykjavíkur
Kyrrðarstund í minningu þeirra sem fallið hafa í sjálfsvígi. Séra Jóna Hrönn Bolladóttur flytur hugvekju, Eyþór Ingi Gunnlaugsson flytur tónlistaratriði, Heiðrún Jensdóttir aðstandandi segir frá reynslu sinni, Jónas Þórir er organisti. Kveikt verður á kertum til minningar um látna ástvini. Allir velkomnir. Kyrrðarstundir í minningu þeirra sem svipt hafa sig lífi verða einnig haldnar í Akureyrarkirkju, Egilsstaðakirkju og Selfosskirkju kl. 20 í kvöld. Allir eru velkomnir á viðburðina og er aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Stöndum saman gegn sjálfsvígum
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Íslenskri erfðagreiningu
Opið málþing og kyrrðarstundir í tilefni af Alþjóðlegum forvarnardegi sjálfsvíga þann 10. september. Málþing haldið í húsakynnum Decode við Sturlugötu 8 milli kl. 15 – 17. Fundarstjóri: Þorsteinn Guðmundsson, leikari og verkefnisstjóri Bataskóla Íslands. 15.00 Opnunarávarp. 15.15 Sjálfsvígshugsanir og sjálfsvígstilraunir ungs fólks á Íslandi: Niðurstöður kannana meðal framhaldsskólanema frá 2000 til 2016. Ingibjörg Eva Þórisdóttir, sérfræðingur hjá Rannsóknum og greiningu. Sigrún Daníelsdóttir, verkefnastjóri geðræktar hjá Embætti landlæknis. 15.40 Pieta samtökin: Fyrstu 6 mánuðirnir í móttöku og meðferð. 16.00 Kaffi og kleinur. 16.15 Hugurinn þinn, Alda Karen Hjaltalín, ráðgjafi og fyrirlesari í New York. 17.00 Lok. Allir eru velkomnir á viðburðina og er aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Nýliðakynning Team Spark
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Háskóla Íslands
Ertu nemandi við Háskóla Íslands? Hefur þú áhuga á að öðlast alvöru reynslu og fá að vinna með aðstoð flottustu fyrirtækja landsins við að hanna og smíða kappakstursbíl frá grunni? Í Team Spark öðlast þú ómetanlega reynslu sem ekki er hægt að læra í fyrirlestri eða dæmatímum. Team Spark er byggt upp af ástríðufyllstu nemendum háskólans sem gefa ekkert eftir við að þróa, hanna og smíða eins góðan kappakstursbíl og hægt er.


The Coocoo's Nest ætlar að bjóða upp á það nýjasta í náttúruvínum.


Hjálpræðisherinn er með kynningu næstu fimm mánudaga í haust til að kynna hvað felst í því að vera hermaður. Engin skuldbinding er falin í því að vera með.

### Sýningar

**Hvað?** Tryggvi Ólafsson – grafíkverk á Mokka
**Hvenær?** 08.00
**Hvar?** Mokka Kaffi, Skólavörðustíg 3a
Tryggvi Ólafsson sýnir grafíkverk á Mokka frá 24. ágúst til 3. október. Þetta er fimmta einkasýning Tryggva á Mokka á einum 40 árum. Verkin sem hann sýnir nú eru ofsett litógrafíur og öll unnin hér á landi á síðustu fjórum til fimm árum. Sýningin er sölusýning, þeir sem hafa áhuga á að eignast verk geta fengið upplýsingar hjá starfsfólki Mokka eða haft samband með tölvupósti mokkaart@gmail.com. Opið daglega frá kl. 8.00 til 18.30.

**Hvað?** Kötlugosið – Sögunnar minnst
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Bókasafni Seltjarnarness
Bókasafn Seltjarnarness gerir sér far um að minnast atburða ársins 1918 í tilefni 100 ára afmælis fullveldis Íslands með sýningu og framsetningu á bókum, lesefni og myndefni. Nú er það Kötlugosið.

### Íþróttir

**Hvað?** Meistarar meistaranna ÍR PLS – KFR Stormsveitin
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Keiluhöllinni Egilshöll
Meistarakeppni KLÍ þar sem bikar- og Íslandsmeistarar liða frá tímabilinu á undan keppa. Bikarmeistarar 2018 í karlaflokki er ÍR-KLS og Íslandsmeistari liða er ÍR PLS.



VIÐ SJÁUM UM BRÚÐKAUPIÐ
ÞÚ ÞARFT BARA AÐ SEGJA JÁ!
Við leigjum og seljum
Tjöld, borð og stóla, uppblásna sófa, hljóðkerfi, ljósakerfi, skjávarpa og sýningartjöld, confetti sprengjur.
Sláðu á þráðinn ef eitthvað af þessu er að vefjast fyrir þér. Það eina sem þú þarft að gera er að skemmta þér.
EXTON REYKJAVÍK S: 575-4600 EXTON@EXTON.IS
EXTON AKUREYRI S: 575-4660 AKUREYRI@EXTON.IS
EXTON Ljós - Hljóð - Mynd www.exton.is


NÝ VEFVERSLUN
HUGINN MUNINN SKYRTUR
HUGINN MUNINN
www.huginnmuninn.is

HÁGÆÐA IÐNAÐARHURÐIR

VÉLABORG www.velaborg.is
Crawford
ASSA ABLOY
Járnháls 2-4 | 414-8600 | velaborg@velaborg.is


GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19 · NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

| | | | |
|---|---|---|---|
| Whitney | 17:45 | Nýjar hendur (ENG SUB) | 20:00 |
| Útey 22. júlí | 18:00 | Whitney | 22:00 |
| Söngur Kanemu (ENG SUB) | 18:00 | Kviðakast (Atak Paniki) | 22:00 |
| Útey 22. júlí | 20:00 | Kona fer í stríð (ENG SUB) | 22:00 |



# DAGSKRÁ

# Mánudagur




## ELLEN
KL. 17:45

Glæný og brakandi fersk þáttaröð með hinni einu sönnu spjallþáttadrottningu Ellen DeGeneres sem slær á létta strengi og fær til sín góða gesti. **Þættirnir eru á dagskrá Stöðvar 2 á mánudögum til fimmtudags í hverri viku fyrir fréttir og endursýndir strax morguninn eftir.**

**Magnað mánudagskvöld**

Fáðu þér áskrift á **stod2.is**




## BROTHER VS. BROTHER
KL. 19:25

Frábærir þættir með þeim bræðrum Jonathan og Drew sem keppa um hvor sé færari í að taka hús í gegn. Í hverjum þætti er nýr dómari sem úrskurðar í lok þáttar hvor hafi staðið sig betur.




## SILENT WITNESS
KL. 20:30

Hörkuspennandi lokaþáttur um liðsmenn réttarrannsóknardeildar lögreglunnar í London sem kölluð er til þegar óhugnanleg morð hafa verið framin.




## SUITS
KL. 21:25

Skemmtileg þáttaröð um lífið á lögfræðistofunni Pearson Specter Litt í New York. Katherine Heigl leikur nýjan eiganda sem er hörð í horn að taka.






## THE DEUCE
KL. 22:10

Djarfir og töff þættir um uppgang klámiðnaðarins í New York á áttunda áratugnum. Glæný og krassandi sería úr smiðju HBO.

Allt þetta og meira til á aðeins 9.990 kr.

stod2.is

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.25** Strákarnir
**07.50** The Middle
**08.15** The Mindy Project
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Mayday
**10.20** Grand Designs: House of the Year
**11.10** Gulli byggir
**11.35** Margra barna mæður
**12.10** Fósturbörn
**12.35** Nágrannar
**13.00** American Idol
**14.20** American Idol
**15.45** Fright Club
**16.35** Friends
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Fréttayfirlit og veður
**19.15** Sportpakkinn
**19.25** Brother vs. Brother
**20.10** American Woman
**20.35** Silent Witness
**21.30** Suits
**22.15** The Deuce
**23.15** 60 Minutes
**00.00** **Major Crimes** Sjötta syrpan af þessum hörkuspennandi þáttum sem fjalla um lögreglukonuna Sharon Raydor sem er ráðin til að leiða sérstaka morðrannsóknardeild innan harðsvíruðu lögreglunnar í Los Angeles. Sharon tók við af hinni sérvitru Brendu Leigh Johnson en þættirnir eru sjálfstætt framhald af hinum vinsælu þáttum Closer.
**00.45** Castle Rock
**01.35** Better Call Saul
**02.25** The Art Of More
**03.10** Unsolved: The Murders of Tupac and the Notorious B.I.G.
**03.55** Unsolved: The Murders of Tupac and the Notorious B.I.G.
**04.40** NCIS
**05.25** Bones

## STÖÐ 2 SPORT

**08.55** Danmörk - Wales
**10.35** Frakkland - Holland
**12.15** Þjóðadeildarmörkin
**12.35** NFL Hard Knocks 2018
**13.30** New England Patriots - Houston Texans
**15.50** Carolina Panthers - Dallas Cowboys
**18.10** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur 2018/2019
**18.35** Portúgal - Ítalía
**20.45** Þjóðadeildarmörkin
**21.10** Seinni bylgjan
**22.40** Pepsímörk kvenna 2018
**23.45** KA - Akureyri

## STÖÐ 2 SPORT 2

**08.00** Stjarnan - Afturelding
**09.20** Þjóðadeildarmörkin
**09.40** Ítalía - Pólland
**11.20** Þýskaland - Frakkland
**13.00** Wales - Írland
**14.40** Noregur - Kýpur
**16.20** Þjóðadeildarmörkin
**16.40** Ísland - Eistland
**18.20** Premier League World 2018/2019
**18.50** KA - Akureyri
**20.30** Stjarnan - Afturelding
**22.00** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur 2018/2019
**22.25** Portúgal - Ítalía

## STÖÐ 3

**19.10** Fresh Off The Boat
**19.35** Last Man Standing
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.55** Who Do You Think You Are?
**21.55** Famous In love
**22.40** Divorce
**23.10** Stelpurnar
**23.35** The Originals
**01.05** Flash
**01.50** Supergirl
**02.35** Legends of Tomorrow
**03.15** Arrow
**04.00** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.00** Strumparnir
**07.25** Ævintýraferðin
**07.37** Hvellur keppnisbíll
**07.49** Gulla og grænjaxlarnir
**08.00** Stóri og litli
**08.13** Tindur
**08.23** K3
**08.34** Mæja býfluga
**08.46** Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn
**09.00** Könnuðurinn Dóra
**09.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**09.47** Doddi litli og Eyrnastór
**10.00** Áfram Diego, áfram!
**10.24** Svampur Sveinsson
**10.49** Rasmus Klumpur og félagar
**10.55** Lalli
**11.00** Strumparnir
**11.25** Ævintýraferðin
**11.37** Hvellur keppnisbíll
**11.49** Gulla og grænjaxlarnir
**12.00** Stóri og litli
**12.13** Tindur
**12.23** K3
**12.34** Mæja býfluga
**12.46** Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn
**13.00** Könnuðurinn Dóra
**13.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**13.47** Doddi litli og Eyrnastór
**14.00** Áfram Diego, áfram!
**14.24** Svampur Sveinsson
**14.49** Rasmus Klumpur og félagar
**14.55** Lalli
**15.00** Strumparnir
**15.25** Ævintýraferðin
**15.37** Hvellur keppnisbíll
**15.49** Gulla og grænjaxlarnir
**16.00** Stóri og litli
**16.13** Tindur
**16.23** K3
**16.34** Mæja býfluga
**16.46** Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn
**17.00** Könnuðurinn Dóra
**17.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**17.47** Doddi litli og Eyrnastór
**18.00** Áfram Diego, áfram!
**18.24** Svampur Sveinsson
**18.49** Rasmus Klumpur og félagar
**18.55** Lalli
**19.00** Pétur og kötturinn Brandur

**Mörgæsirnar frá Madagaskar, 08.12, 12.24 og 16.24**



## GOLFSTÖÐIN

**08.00** BMW Championship
**13.00** Omega European Masters
**18.00** Golfing World 2018
**18.50** PGA Highlights 2018
**20.10** BMW Championship

## STÖÐ 2 BÍÓ

**10.50** Apollo 13
**13.10** The Red Turtle
**14.30** Being John Malkovich
**16.20** Apollo 13
**18.40** The Red Turtle
**20.05** Being John Malkovich
**22.00** Fifty Shades Darker
**00.00** **War for the Planet of the Apes** Spennumynd frá 2017 sem er jafnfrant þriðji kaflinn í hinni vinsælu Apaplánetuseríu, en hér neyðast Caesar og aparnir til að fara í blóðugt stríð við her manna, undir stjórn hins miskunnarlausa Colonels.
**02.20** Colossal
**04.10** Fifty Shades Darker

## RÚV

**13.00** Úr Gullkistu RÚV: Útsvar 2008-2009
**14.00** Úr Gullkistu RÚV: 89 á stöðinni
**14.20** Pricebræður bjóða til veislu
**15.00** Úr Gullkistu RÚV: Af fingrum fram
**15.35** Með okkar augum
**16.05** Níundi áratugurinn
**16.50** Silfrið
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Heimssýn barna
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**19.50** Menningin
**20.00** Saga Danmerkur - Víkingarnir
**21.05** Þjóðargersemi
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veður
**22.20** Hljóðupptaka í tímans rás
**23.10** Á meðan við kreistum sítrónuna
**23.40** Kastljós
**23.55** Menningin
**00.05** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** Dr. Phil
**08.45** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**09.30** The Late Late Show with James Corden
**10.15** Síminn + Spotify
**12.05** Everybody Loves Raymond
**12.30** King of Queens
**12.50** How I Met Your Mother
**13.15** Dr. Phil
**14.00** Superior Donuts
**14.25** Madam Secretary
**15.10** Black-ish
**15.35** Rise
**16.20** Everybody Loves Raymond
**16.45** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**19.00** The Late Late Show with James Corden
**19.45** Superstore
**20.10** Top Chef
**21.00** MacGyver
**21.50** The Crossing
**22.35** The Affair
**23.35** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**01.00** CSI
**01.45** This is Us
**02.30** The Good Fight
**03.20** Star
**04.05** I'm Dying Up Here
**04.55** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin




Við óskum **Domino's** innilega til hamingju með **Grænt ljós** frá Orkusölunni. Upplýstir viðskiptavinir okkar geta fengið Grænt ljós, sem staðfestir notkun á **100% endurnýjanlegri orku**. Það er sannkallað snjallræði á markaði þar sem græn vottun skiptir höfuðmáli. Þú færð Grænt ljós á **orkusalan.is**

orkusalan

Brandenburg / SÍA

422 1000 | orkusalan@orkusalan.is | orkusalan.is | Finndu okkur á Facebook



Hjónakornin Willem Dafoe og leikstjórinn Giada Colagrande mættu á bát. Að sjálfsögðu. MYNDIR/NORDICPHOTOS/GETTY

# Fjör í Feneyjum

Kvikmyndahátíðin í Feneyjum sem fram fór í vikunni er elsta kvikmyndahátíð í heimi og ein af þeim stóru, ásamt Cannes og Berlín. Hún var fyrst haldin 1932 og er því 75 ára í ár. Mikið var um dýrðir og glæsileikinn í fyrirrúmi enda eru Feneyjar stórkostlegur staður.




Einn besti leikari síðari ára, Christoph Waltz, hress og kátur.



Ítalska leikkonan Alessandra Mastronardi sem lék meðal annars í mynd Woodys Allen, to Rome With Love, mætir á rauða dregilinn.



Hin frábæra Chloë Sevigny klikkar seint á tískunni. Alltaf jafn glæsileg.



Nathalie Portman vekur alltaf jafn mikla athygli á rauða dreglinum enda glæsileg kona og hæfileikarík.

Tryggðu öryggi fjölskyldunnar og
#keyrðueinsogkona

SÓLNING
Meira til skiptanna

# Mennska dúkkan Ken sló í gegn

Rodrigo Alves er fæddur 1983 og er þekktur úti í hinum stóra heimi fyrir að vera hinn mennski Ken. Hann á breskan föður en brasilíska móður og flutti til Englands þegar hann var 19 ára. Alves var mættur til Feneyja og sló í gegn sem fyrr á rauða dreglinum.

Í janúar komst hann í fréttirnar þegar hann sagðist í viðtali hafa eytt 500.000 pundum í samtals 103 lýtaaðgerðir. Í sama viðtali sagðist hann ætla að láta fjarlægja fjögur rifbein til að komast í minni fatastærð.

Eins og sönn raunveruleikastjarna þá kom hann með þessi fjögur rifbein í krukku í morgunþáttinn This Morning with Phillip and Holly í breska sjónvarpinu. Þá sagði hann að upprunalega planið hefði verið að fjarlægja sex en læknar ekki fallist á það.



Hann sagðist í sama þætti geta tjáð sig í gegnum tísku. Þess vegna legðist hann undir hnífinn.

Alves tók þátt í sjónvarpsþættinum Celebrity Big Brother og notaði niðrandi orð um aðra þátttakendur. Eftir holskeflu af kvörtunum var hann rekinn heim í tíunda þætti.

Hann er metinn á um þrjá milljarða en eignir hans eru flestar á Spáni þar sem hann á og rekur fasteignir fyrir ferðamenn.

benediktboas@frettabladid.is



Rodrigo Alves í öllu sínu veldi á hátíðinni í Feneyjum. NORDICPHOTOS/GETTY



**ALVES LÉT FJARLÆGJA FJÖGUR RIFBEIN TIL AÐ PASSA BETUR Í JAKKANA SÍNA.**











Þau Sigurlaug Thorarensen og Julius Rothlaender skipa hljómsveitina BSÍ sem gaf út sína fyrstu plötu á föstudag.

# DIY-hljómsveitin BSÍ stöðvaði umferðina

Hljómsveitin BSÍ er ekki venjuleg hljómsveit. Þau **Sigurlaug Thorarensen** og **Julius Rothlaender** vildu prófa sig áfram með hljóðfæri sem þau kynnu ekkert á. Í fyrsta myndbandi hljómsveitarinnar stöðvuðu þau umferð við gangbrautarljósin hjá Háskóla Íslands.

Við bjuggumst við meiri upplausn og reiði en fólkið var reyndar aðallega hissa og skildi ekki alveg hvað var í gangi og varð kannski smá pirrað yfir því að einhver væri að reyna að trufla heilögu umferðina,“ segja þau Sigurlaug Thorarensen, sem spilar á trommur og syngur, og Julius Rothlaender, sem plokkar bassann í hljómsveitinni BSÍ.

Myndbandið við fyrsta lag hljómsveitarinnar hefur vakið nokkra athygli en þar standa þau Sigurlaug og Julius á gangbrautinni á Hringbraut og stöðva þannig umferð. Myndbandið er ekkert sérstaklega flókið. Þau standa bara þarna og stoppa umferð. Sífellt bætist við bílaflotann sem tefst þær mínútur sem lagið er.

„Hljómsveitin heitir BSÍ meðal annars vegna þess að við erum sérstaklega áhugasöm um umferðarmenningu. Okkur finnst til dæmis bílamenningin og bílafíknin á Íslandi svolítið spes og umhugsunarverð. Með myndbandinu og gjörningnum erum við að reyna að varpa ljósi á hvað það er í raun hlægilegt að í smáborg eins og Reykjavík, þar sem tiltölulega fáir búa sé mjög hátt hlutfall einkabíla – og það minnir okkur á kunnugleg kapítalísk munstur – fáir sem eiga margt.“



**Fyrsta myndband þeirra var listgjörningur, að standa á gangbrautinni við Háskóla Íslands á Hringbraut og tefja þannig umferð.**

Þau segja að viðbrögð fólksins í bílunum hafi komið þeim svolítið á óvart. Hvað fólk var í raun bara rólegt og beið þolinmótt. Þau fengu svo eftirlitsmyndirnar frá vini sínum í lögreglunni.

Hljómsveitin varð til því þau vildu prófa sig áfram og leika sér með ný hljóðfæri sem þau kynnu ekki á. „Ægir, vinur okkar, bauð okkur að vera í kjallararýminu hans í R6013 til að gera einmitt þetta. Við vorum eiginlega bara rétt byrjuð að leika okkur og áður en við vissum af vorum við komin með nokkur lög, sem við fengum síðan líka að taka upp í rýminu.“

Þau fóru í smá ferðalag til Berlín þar sem þeim bauðst að halda nokkra tónleika. Fyrsta plata þeirra kom svo út á föstudaginn á vegum Why Not? sem er DIY-plötuútgáfa í samstarfi við Tomatenplatten, sem er DIY-útgáfufyrirtæki í Berlín.

**benediktboas@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli*@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga*@frettabladid.is*

HONDA
The Power of Dreams

# MEIRI AFKÖST
# MEIRI BÚNAÐUR
# MEIRI CIVIC



## COMFORT

**1.0 VTEC TURBO - 130 hestöfl**
6-gíra beinskipting
7-gíra sjálfskipting (CVT)

frá kr. **2.990.000**

- 16“ álfelgur
- ECON sparakstursstilling
- CMBS radartengd árekstrarvörn
- LDW akreinaviðvörn
- LKAS akreinaaðstoð
- Vitræn hraðatakmörkun
- Vitrænn aðlaganlegur skriðstillir
- RDM rásvörn
- TSRS umferðarmerkjagreining
- EPS hraðatengt aflstýri
- Rafstýrð handbremsa með brekkuaðstoð
- Idle Stop tækni
- Loftkæling
- Rökkurstilling á aðalljósum
- Rafstýrðir og upphitaðir hliðarspeglar
- Hiti í sætum (framan)
- 5“ skjár fyrir hljómtæki
- USB / AUX tengi (iPod samhæft)†
- 8 hátalarar
- Aðgerðarhnappar í stýri
- HFT Bluetooth™ handfrjáls búnaður*
- LED dagljós

## ELEGANCE

**1.0 VTEC TURBO - 130 hestöfl**
6-gíra beinskipting
7-gíra sjálfskipting (CVT)

frá kr. **3.360.000**

- 17“ álfelgur
- Leðurklætt stýri og gírstangarhnúður
- Ál pedalar
- ECON sparakstursstilling
- CMBS radartengd árekstrarvörn
- LDW akreinaviðvörun
- LKAS akreinaaðstoð
- ISL vitræn hraðatakmörkun
- ICC vitrænn radartengdur skriðstillir
- RDM rásvörn
- TSRS umferðarmerkjagreining
- Hraðatengt EPS rafmagnsstýri
- LSF vitræn hæghraðastilling
- Flipaskipting í stýrishjóli
- Tvísktipt tölvustýrð loftkæling
- Fjarlægðarskynjarar (framan og aftan)
- Hiti í sætum (framan)
- Honda CONNECT með Garmin leiðsögukerfi
- 2x USB tengi / HDMI tengi
- 8 hátalarar
- Aðgerðarhnappar fyrir hljómtæki í stýri
- HFT Bluetooth™ handfrjálsbúnaður**
- Bakkmyndavél
- Skyggðar rúður að aftan
- LED dagljós

## SPORT PLUS

**1.5 VTEC TURBO - 182 hestöfl**
6-gíra beinskipting
7-gíra sjálfskipting (CVT)

frá kr. **3.990.000**

- 17" álfelgur
- Leðurklætt stýri og gírstangarhnúður
- Ál pedalar
- Hraðatengt EPS rafmagnsstýri
- LSF vitræn hæghraðastilling
- CMBS radartengd árekstrarvörn
- LDW akreinaviðvörun
- LKAS akreinaaðstoð
- ISL vitræn hraðatakmörkun
- ICC vitrænn radartengdur skriðstillir
- RDM rásvörn
- TSRS umferðarmerkjagreining
- Flipaskipting í stýrishjóli
- Fjarlægðarskynjarar (framan og aftan)
- Hiti í sætum (framan)
- Honda CONNECT með Garmin leiðsögukerfi
- Aðgerðarhnappar fyrir hljómtæki í stýri
- HFT Bluetooth™ handfrjálsbúnaður**
- Bakkmyndavél
- 8 hátalarar
- 2x USB tengi / HDMI tengi
- Sport-listar (Framan / Hliðar / Aftan)
- Skyggðar rúður að aftan
- LED aðal- og dagljós
- Tvískipt tölvustýrð loftkæling
- BSI blindbletta- og hliðarumferðaviðvörun
- Lykillaust aðgengi og ræsing
- Þráðlaus hleðsla fyrir símtæki
- HPA hljómkerfi - 11 hátalarar
- Opnanlegt glerþak
- ADS stillanleg fjöðrun

## PRESTIGE

**1.5 VTEC TURBO - 182 hestöfl**
6-gíra beinskipting
7-gíra sjálfskipting (CVT)

frá kr. **4.060.000**

- 17“ álfelgur
- Leðurklædd innrétting
- Leðurklætt stýri og gírstangarhnúður
- Ál pedalar
- Hraðatengt EPS rafmagnsstýri
- LSF vitræn hæghraðastilling
- CMBS radartengd árekstrarvörn
- LDW akreinavari
- LKAS akreinaaðstoð
- ISL vitræn hraðatakmörkun
- ICC vitrænn radartengdur skriðstillir
- RDM rásvörn
- TSRS umferðarmerkjagreining
- Flipaskipting í stýri
- ADS stillanleg fjöðrun
- Fjarlægðarskynjarar (framan og aftan)
- Hiti í sætum (framan og aftan)
- Honda CONNECT með Garmin leiðsögukerfi
- Aðgerðarhnappar fyrir hljómtæki í stýrishjóli
- HFT Bluetooth™ handfrjálsbúnaður**
- Bakkmyndavél
- HPA hljómkerfi - 11 hátalarar
- 2x USB tengi / HDMI tengi†
- Skyggðar hliðarrúður að aftan
- LED aðal- og dagljós
- Tvískipt tölvustýrð loftkæling
- BSI blindbletta- og hliðarumferðaviðvörun
- Krómað framgrill og hurðarhúnar
- Þráðlaus hleðsla fyrir símtæki
- Opnanlegt glerþak
- Lykillaust aðgengi

## TYPE-R

**2.0 VTEC TURBO - 320 hestöfl**
6-gíra beinskipting

frá kr. **5.995.000** STAÐGREITT

- 20“ Piano black álfelgur
- ISL vitræn hraðatakmörkun
- ICC vitrænn radartengdur skriðstillir
- Lykillaust aðgengi og ræsing
- Type-R sportsæti með innbyggðum höfuðpúða og rússkinsáferð
- Type-R leðurklætt sportstýri
- Áklæði og mælaborð með rauðum saumi
- Merkt serialnúmer eintaks
- Ál gírstangarhnúður og pedalar
- Comfort / Sport / Type-R akstursstilling
- Þyngdaraflsmælir (G-force)
- Hraðatengt aflstýri
- Rafstýrð handbremsa með brekkuaðstoð
- Idle stop tækni
- Stillanleg fjöðrun (framan og aftan)
- Rafstýrðar rúður (framan og aftan)
- Hæðarstillanglegt ökumannssæti
- Hágæða upplýsingaskjár fyrir ökumann
- Honda CONNECT
- HFT Bluetooth™ handfrjáls búnaður
- Bakkmyndavél
- Carbon sportlistar (framan/hliðar/aftan)
- Type-R vindskeið
- Type-R þrefalt púst
- Type-R merki (framan og aftan)

**Einnig fáanlegur með GT LINE aukahlutapakka**

## OPIÐ LAUGARDAGA MILLI KL. 12:00 OG 16:00



**Honda Jazz**
verð frá kr. 2.540.000



**Honda Civic**
verð frá kr. 2.990.000



**Honda HR-V**
verð frá kr. 3.870.000



**Honda CR-V**
verð frá kr. 4.840.000

**Bernhard - Honda á Íslandi** • Vatnagörðum 24 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.honda.is

**Umboðsaðilar:** Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800 • Bílver, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

HONDA

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**

**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**

Láru G. Sigurðardóttur



## Lífsneistinn

Í viðtali hjá BBC sagði hin 26 ára gamla Hati frá því að hún hefði reynt að svipta sig lífi 16 ára gömul – þrír vina hennar frömdu sjálfsvíg undir tvítugu. Hati átti erfiða æsku og enginn virtist kæra sig um hvernig henni liði. Þangað til að einn skóladaginn tók kennari eftir að henni leið ekki vel og spurði hvort það væri í lagi með hana. Hati brast í grát og létti á hjarta sínu. Kennarinn hlustaði með athygli og hjálpaði henni að leita sér aðstoðar. Í dag lifir Hati góðu lífi þökk sé inngripi kennarans.

Þetta er ein saga af mörgum. Ástæður að baki sjálfsvígshugsunum eru margar. Þær geta bæði litast af umhverfi og erfðum. Engin saga er eins.

Það er nauðsynlegt að hafa í huga að sjálfsvíg eru ekki endilega fyrirfram ákveðin örlög heldur eitthvað sem við ættum, í mörgum tilfellum, að geta komið í veg fyrir.

Á alþjóðlegum degi sjálfsvígsforvarna er gott að minna sig á að við þurfum alltaf að vera vakandi fyrir því hvernig fólkið í nærumhverfi okkar hefur það. Ljá þeim sem okkur sýnist vansælir eyra og vera til staðar fyrir hvert annað. Það er aldrei að vita nema við getum leitt einhvern út úr myrkrinu í átt að bjartari framtíð.

En það þarf meira til. Í velferðarríkinu, sem stjórnmálamenn vilja gjarnan telja okkur trú um að við búum í, þurfa að vera til staðar skýr úrræði og kröftugur stuðningur fagfólks. Yfirvaldið hefur í höndunum aðgerðaáætlun til að fækka sjálfsvígum – það hefur allar burði til að efla geðheilbrigðismál og hjálpa þeim sem glatað hafa lífsneistanum og aðstandendum þeirra.





HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.



